

AFRÍKA

SUNNAN SAHARA Í BRENNIDEPLI

Ritstjórar:

Jónína Einarsdóttir og Þórdís Sigurðardóttir



HÁSKÓLAÚTGÁFAN OG AFRÍKA 20:20

2007

Afríka fyrr og nú:

uppruni, ánauð og átök

Jónína Einarsdóttir

Rannsóknir á sögu Afríku hafa haft í för með sér vissa endurskoðun á aðferðafræði sagnfræðinnar, notkun hugtaka og vali viðfangsefna. Það er ekki aðeins skortur á rituðum heimildum sem hefur ráðið þar mestu í gegnum tíðina, heldur einnig hvernig sagan og samfélög eru skilgreind og hvaða viðfangsefni teljast vera rannsóknarhæf. Hugtök yfir fyrirbæri, sem áttu rætur sínar að rekja til evrópskra samfélaga, áttu ekki alltaf við þegar saga annarra samfélaga var skoðuð. Engu að síður leituðu sagnfræðingar að viðkomandi fyrirbærum í framandi heimshlutum og

þegar þau fundust ekki var litið á það sem afbrigðilegt og frumstætt. Hið evrópska var þannig gert að viðmiði og skilgreint sem eðlilegt og æðra. Heiminum var skipt í tvennt: hinn siðmenntaða heim og heim barbaranna.

Mannkynssagan fjallar um sögu mannsins frá uppruna hans til líðandi stundar. Viðfangsefni hennar hafa löngum verið takmörkuð við vestræna siðmenningu og önnur samfélög skiptu aðeins máli að svo miklu leyti sem þau urðu fyrir áhrifum hennar. Sagt var frá því hvernig tækni og menning Mesópótamíu dreifðist smátt og smátt til annarra samfélaga. Upphaf landbúnaðar, sem markaðist af tilkomu plógsins, var gjarnan talið vera grundvöllur siðmenningar. Siðmenntuð samfélög voru þannig skilgreind að þau einkenndust af þéttri byggð, borgarmyndun, stéttskiptu samfélagi, verslun og ritmáli. Hugtakið siðmenning náði því t.d. ekki til samfélags igbóa í suðausturhluta Nígeríu þótt þar væri blómstrandi verslun og mikið þéttbýli. Samfélag þeirra skorti stéttskiptingu og plógurinn var ekki notaður þá og er raunar ekki notaður enn á stórum svæðum í Afríku sunnan Sahara.

Um og eftir miðja síðustu öld var afrísk saga ekki til sem sérstakt fræðasvið innan sagnfræðinnar. Þannig var horft fram hjá sögu stórs hluta mannkyns og

mikilsverð málefni voru útilokuð sem verðug rannsóknar efni, svo sem trúarbrögð, kynjafræði, sjúkdómar, landbúnaður og bændahreyfingar. Það var ekki fyrr en um 1970 að áhugi á rannsóknum á sögu Afríku jókst verulega. Sagnfræðingar, sem vildu kynna sér sögu álfunnar, studdust ýmist við evrópskar heimildir



Kort af Afríku frá árinu 1595 teiknað af Gerardus Mercator.

í leit að gögnum eða skoðuðu heimildir ritaðar á arabísku. Þeir rannsökuðu einnig afrísk tungumál, söfnuðu munnlegum frásögnum og studdust við rannsóknir á fornminjum og steingervingum. Niðurstöður sýndu að hin algilda mannkynssaga reyndist vera takmörkuð að því er tekur til landfræðilegrar staðsetningar og viðfangsefna.

Saga Afríku er margslungin og oft á tíðum umdeild. Uppruni nafns álfunnar er jafnvel óljós en tilgátur um tilurð þess endurspeglar hve samfélög Miðjarðarhafshafsins voru mikilvæg í mannkynssögu fornaldar. Ein tilgátan er að rómanska orðið *Ifrikia* sé upphaf heitis álfunnar en það er skylt orðinu *aprica* sem þýðir „sólríkur“. Rómverjar notuðu orðið um norðurströnd Afríku en síðar náði það til allrar álfunnar. Þá má kannski rekja nafnið Afríka til þess að Rómverjar kölluðu svæði í sunnanverðri Norður-Afríku *Afríga*, en þar bjuggu berbar og voru þeir nefndir *Afrígar*. Einnig er hugsanlegt að heitið eigi rætur í arabíska orðinu *afar* sem þýðir „sandryk“. Enn önnur skýring er sú að heitið komi úr grísku en gríska orðið *afrike* þýðir „án kulda“. Það voru reyndar Forngríkkir sem byrjuðu að skipta heimsbyggðinni í þrjár heimsálfur, þ.e. Evrópu, Asíu og Afríku. Áður voru Evrópa og Asía taldar til sömu álfunnar. Sumir landfræðingar líta reyndar enn í dag á Evrópu og Asíu sem eina heimsálfu og nefna hana Evróásíu.

JÓNÍNA EINARSDÓTTIR

Hér á eftir er sögu Afríku skipt í fimm tímabil, sem eru uppruni mannsins, búferlaflutningar og samfélagsþróun (3500 f.Kr.-1500 e.Kr.), þrælasala og heimsvaldastefna (1500-1880), nýlendutíminn (1880-1950) og sjálfstæð Afríka. Áður en farið er yfir helstu þætti sögunnar frá upphafi til líðandi stundar er mikilvægt að skoða á hvern hátt rannsóknir á sögu álfunnar hafa breytt vinnu-
lagi og sjónarhorni fræðimanna, sérstaklega innan sagnfræðinnar, og hvernig saga Afríku hefur endurspeglast í mannkynssögunni.

Afríka og sagnfræðin

Saga Afríku er tiltölulega nýtt fræðasvið innan sagnfræðinnar sem lengi vel var ekki viðurkennt sem slíkt. Sagnfræðingar fengust fyrst og fremst við sögu þeirra sem áttu ritaðar heimildir. Tímabil og staðir, sem engir ritaðir textar höfðu fundist um, voru viðfangsefni fornleifafræðinga, svo og steingervingafræðinga sem fengust við rannsóknir á leifum lifandi vera. Staðan hefur breyst. Upp úr 1960 lögðu frumkvöðlar eins og Basil Davidson, Kenneth Dike, John Fage, Roland Oliver og Jan Vansina grunninn að þeirri hefð sem nú er ríkjandi að því er varðar rannsóknir á sögu Afríku. Þessir fræðimenn byrjuðu að skoða heimildir, aðrar en ritaðar, svo sem fornminjar, steingervinga og munnlegar frásagnir. Þeir sem fást við sögu Afríku nálgast því verkefni sitt á þverfaglegan hátt og styðjast við fjölbreytileg gögn.

Fornleifafræðingar, málfræðingar, mannfræðingar og sagnfræðingar hafa sýnt fram á að í sögu Afríku, eins og í Evrópu og Asíu, er að finna ríki, keisaradæmi, tungumál, trúarhreyfingar, fólksflutninga, húsdýrahald og ræktun nytjajurta. Verslun og viðskipti náðu yfir stór landsvæði og mikil samskipti voru milli menningarsvæða. Saga álfunnar hefur því að geyma margt af því sem sagnfræðingum mannkynssögunnar gæti fundist rannsóknarhæft. Hún nær yfir milljónir ára og hefst löngu áður en ritmál kom til sögunnar. Þar er að finna helstu tímabil í þróunarsögu mannsins, hvort sem litið er til líffræðilegra eða menningarlegra þátta. Fornleifafundi og steingervinga má hins vegar túlka á mismunandi hátt og miklar deilur hafa orðið um hvaða ályktanir megi draga af þeim.

Sagnfræðingar höfðu lengi vel tilhneigingu til að líta á íbúa Afríku sem einhliða þolendur atburðarásar sem aðrir en þeir sjálfir höfðu áhrif á. Endurspeglast þetta vel í því að reynt er að útskýra helstu breytingar innan álfunnar þannig að þær hafi orðið fyrir áhrif utanaðkomandi afla. Arabar, berbar og seinna Evrópu-menn voru gjarnan taldir hafa komið þar við sögu. Breytingar á afrískum sam-

félögum voru líka raktar til Föníkíumanna, týndra ættkvísla gyðinga og jafnvel villuráfandi rómverskra hersveita. Því snerist afrísk saga um þau utanaðkomandi áhrif sem höfðu valdið breytingum. Þetta viðhorf féll saman við þá hefð meðal sagnfræðinga að flokka ritaðar heimildir sem öðrum fremri. Þar sem slíkar heimildir höfðu ekki fundist í Afríku komu í staðinn heimildir araba og Evrópu-manna. Á þessu hefur orðið mikil breyting en það tók tíma að breyta fyrra viðhorfi, bæði innan og utan sagnfræðinnar.

Síðan um 1960 hefur verið sýnt fram á að Afríkubúar, fremur en aðrir, hafi verið ábyrgir fyrir þeim nýjungum sem komu upp í álfunni. Sumir sagnfræðingar halda því fram að Afríkubúar hafi verið þátttakendur í þrælasölu eins og fram kemur hér á eftir, á sama hátt og þeir áttu sinn hlut í því að uppgötva aðferðir til vinnslu járn. Áhugi sagnfræðinga á ríkjamyndun og keisaradæmum leiddi til þess að svæði, þar sem slík ríkjamyndun hafði ekki átt sér stað, féllu utan sögunnar og talið var að þar hefði ekkert sagnfræðilega marktækt gerst. Rannsóknir á sögu afrískra ríkja, eins og Malí og Songhai, hafa reyndar sýnt að Afríkubúar byggðu upp keisaradæmi á hliðstæðan hátt og gerðist í Evróasíu.

Tvö skyld en þó andstæð söguleg sjónarmið hafa komið fram um einkenni afrískra samfélaga. Litið er á Afríku annaðhvort sem eitt einsleitt, afmarkað svæði eða sem nokkurs konar mósaík úr afmörkuðum ættflokkum þar sem hver ættflokkur býr við aldagamla, óbreytanlega menningu. Fyrra sjónarmiðið á rætur í rannsóknum á svokölluðum menningarsvæðum sem voru mikið stundaðar á tímum kalda stríðsins. Þessar rannsóknir höfðu áhrif á þá mynd sem enn lifir af Afríku. Heiminum var skipt í menningarsvæði og þar með varð Afríka einsleitt svæði, nokkurs konar eitt stórt þjóðríki. Í álfunni var, og er, að finna fjölda tungumála og þjóðernishópa og fjölbreytt trúarbrögð en þar var, og er að vissu marki enn, dregin upp mynd af eins konar meðfæddri, sameiginlegri menningu. Síðara sjónarmiðið má rekja til þess að þar til um 1960 var Afríka nánast eingöngu rannsökuð af mannfræðingum sem aðhylltust svokallaða virknishyggju en með henni var leitast við að útskýra stöðugleika samfélaga. Horft var fram hjá félagslegum breytingum og sögulegum sjónarmiðum. Afríkubúum var gjarnan skipt í ættflokka sem lifðu aðskildir og hver með sína föstu síði sem þeir höfðu erfð frá forfedrum sínum og formæðrum.

Sú áhersla, sem lögð var á einsleit menningarsvæði, hafði áhrif á hvernig Afríka varð hluti af mannkynssögunni og fræðimenn sáu ekki hvaða erindi tiltekin svæði álfunnar gætu átt í mannkynssöguna þegar öll álfan var einsleit. En

JÓNÍNA EINARSDÓTTIR

hvernig skyldi vera hægt að víkka þessa þröngu söguskoðun? Ein lausn er að skoða samskipti milli svæða innan álfunnar og stunda samanburðarsagnfræði. Með þeirri aðferð verður ljóst að ekki er hægt að skýra allt sem gerist í álfunni með utanaðkomandi áhrifum. Samanburður á fólki, sem lifir á staktrjáasléttum, sýnir t.d. að íbúar Sahel-svæðisins í Vestur-Afríku er eina fólkið í heiminum, sem byggir slík svæði, sem býr í borgum. Með samanburðarrannsóknum verður ljóst að atburðir og aðstæður innan álfunnar skipta máli fyrir mannkynssöguna. Með þeim verður kleift að skoða svæði innan Afríku sem ekki voru hluti af keisara-dæmum eða stærri ríkjum og gefa þeim hlutverk sem þátttakendum í mannkynssögunni.

Eins og fyrr segir hafa sagnfræðingar ekki ætlað Afríku stórt hlutverk í mannkynssögunni í gegnum tíðina. Flestar mannkynssögubækur nefna upphaf mannsins, mikilvægi Afríku á fyrri hluta fornsteinaldar, upphaf húsdýrahalds og ræktunar nytjajurta. Hinir miklu fólksflutningar bantúa eru gjarnan nefndir og nær allar kennslubækur í mannkynssögu fjalla um samfélögin í Nílardalnum og myndun ríkja í Vestur-Afríku. Menningar svahílífólksins og Stór-Zimbabve er stuttlega getið. Þá er gjarnan sagt frá tilkomu íslams í Vestur- og Austur-Afríku, þrælasölnunni, evrópskri heimsvaldastefnu, andspyrnunni gegn henni og afnámi nýlendustjóranna. Í samanburði við umfjöllun um Ameríku fyrir komu Kólumbusar og sérstaklega Norður-Ameríku, Suðaustur-Asíu og Eyjaálfu er hlutur Afríku í mannkynssögunni fyllilega ásættanlegur og jafnvel vel það. Afríkufræðingar, þ.e. fræðimenn sem hafa sérhæft sig í málefnum Afríku, geta þó haldið því fram með nokkrum rétti að sagnfræðingar, sem fást við mannkynssöguna, hafi sniðgengið Afríku. Með sama rétti má ásaka Afríkufræðingana um að hafa ekki sýnt mannkynssögunni í heild mikinn áhuga í verkum sínum. Aðeins fáir þeirra hafa sinnt rannsóknum á sviði mannkynssögunnar og flestir þeirra hafa þrælasölnuna sem sérsvið. Vandinn er því tvíþættur: annars vegar hvernig fjallað er um Afríku í mannkynssögunni og hins vegar þurfa Afríkusagnfræðingarnir að tileinka sér í auknum mæli hnattrænt sjónarhorn.

Afríkufræðingar, sem eru ósáttir við hlut Afríku í mannkynssögunni, gagnrýna ekki einungis umfang umfjöllunarinnar heldur það sjónarhorn sem beitt er. En hvað mætti betur fara í umfjöllun sagnfræðinga um Afríku? Íbúa skóglendis Mið-Afríku er sjaldnast getið í mannkynssögunni og sama á við um samfélög í Vestur-Afríku sem ekki tilheyru skipulögðum ríkjum. Sjaldnast eru til skrifadar heimildir um fólk sem fyrir tíma þrælasölnunnar hafði lítil samskipti við samfélög

utan Afríku. Það skilur ekki eftir sig minnisvarða í byggingarlist og tók ekki þátt í hinum stóru trúarhreyfingum heimsins. Dæmigert fyrir sagnfræðinga er að sýna fjölmenningarlegum samskiptum áhuga og þess vegna eru svahílíar, sem gjarnan stunduðu viðskipti á austurströnd Afríku, svo og soughaíar í Vestur-Afríku, áhugaverðari en igbóar í Nígeríu eða masaíar í Keníu.

Það er líka mikilvægt að skipta afrískri sögu í heppilegar einingar, óháð því hvort þær geti á einhvern hátt verið dæmigerðar fyrir álfuna í heild sinni. Sé litið á mismunandi svæði innan álfunnar sem réttmætar einingar verða samskipti milli þeirra réttmætir atburðir mannkynssögunnar á sama hátt og t.d. samskipti Mongólíu og Kína. Á hliðstæðan hátt yrðu samskipti fúlaní- og hásamanna í Vestur-Afríku að sögulegum atburði sem ætti erindi í mannkynssögunu. Í báðum tilvikum náðu hirðingjar völdum yfir samfélögum sem stunduðu landbúnað og einkenndust af þéttbýli og í kjölfarið fóru í hönd róstusamir tímar. Samanburðar-sagnfræði er því ný leið til að skoða gömul vandamál án þess að hafna gerendahæfi íbúanna og sjá aðeins einsleita og framandi Afríku.

Uppruni mannsins

Áður en kenningin um þróun lífvera varð viðtekin voru uppi margvíslegar hugmyndir sem skýrðu muninn á þeim líffræðilega breytileika sem einkennir manninn. Sumar þessara sagna er að finna í Gamla testamentinu, t.d. sagan um Kam. Samkvæmt sögunni eru kynþættir mannsins komir af þremur sonum Nóa, Sem, Kam og Jafet. Sem er faðir gyðinga, araba og þeirra sem eru skyldir þeim, Kam er faðir hinna svörtu og þeirra sem þeim líkjast og Jafet er faðir hvíta kynstofnsins og ættingja þeirra. Sagan segir að Nói hafi reiðst Kam þegar hann óhlýðnaðist honum og lagði því þau álog á hann að afkomendur hans yrðu þrælur. Á 19. öld voru uppi hugmyndir í Bandaríkjunum um að Guð hefði skapað hvern kynþátt mannsins sérstaklega og það væri vilji Guðs að þeir blönduðust ekki. Þessi kenning var notuð til að réttlæta þrælahald.

Með þróunarkenningu Darwins, sem var birt í bókinni *Uppruni tegundanna* og kom út árið 1859, var sett fram sú kenning að allar lífverur breyttust í tímans rás fyrir tilstilli þróunar þar sem hinir hæfustu myndu lifa af og koma þannig eiginleikum sínum áfram til næstu kynslóðar. Kenning Darwins var mjög umdeild, sérstaklega innan kirkjunnar sem átti sína eigin sköpunarsögu. Samkvæmt Darwin kom Guð hvergi nærri sköpun mannsins sem var nú ekki aðeins settur í flokk með öðrum dýrum heldur líka talinn vera náskyldur öpum. Steingervinga-

JÓNÍNA EINARSDÓTTIR

fræðingar, sem sérhæfa sig í lífrænum leifum, fengu þar með lykhilllutverk við að svara spurningum um uppruna mannsins.

Ekki aðeins fræðimenn hafa mikinn áhuga á uppruna og þróun mannsins. Þegar fræðimenn setja fram nýjar hugmyndir og segja frá nýjustu niðurstöðum rannsóknna er þess gjarnan getið í fjölmiðlum. Það má oft sjá í fjölmiðlum og rituðum frásögnum myndir af lífi frummansins sem gefa til kynna hvernig aðstæður voru. Myndir af aðstæðum frummansins breytast með nýjum tímum. Myndir allt frá áttundu öld sýna þannig frumfólk sem er líkt nútímamanninum. Lífshættir þess líkjast gjarnan lífsháttum hirðingja eða fólkið er sýnt standandi fyrir framan hella þar sem sjá má skinnfeldi, barefli og dýrabein. Greinilegt er að hugmyndin um kjarnafjölskylduna er allsráðandi og því eru karl, kona og börn uppistaða fjölskyldunnar. Fólkið hefur tungumál og nýtir sér eld. Það má líka sjá biblíuleg tákni. Það er ekki fyrr en eftir miðja 19. öld sem teikningar sýna frummanninn vera líkan öpum eða framandi þjóðum. Þá er dregin upp mynd af Evrópumanninum sem þróaðri og æðri.

Vagga mannkyns

Vagga mannkyns er í Afríku. Um það er ekki deilt. Maðurinn tilheyrir dýraráttinni, fylkingu seildýra og flokki spendýra. Hann tilheyrir ættbálki prímata ásamt um 200 tegundum apa. Maðurinn er af mannætt (lat. *Hominidae*) en elstu leifar af verum, sem flokkast undir þá ætt, hafa fundist í Eþíópíu. Meðal þeirra er að finna 3,18 milljón ára gamla beinagrind af konu sem fannst árið 1974. Þessi smávaxna kona, sem hefur verið rúmlega einn metri á hæð, er þekkt undir nafninu Lucy. Auk þess má nefna 6-7 milljón ára gamla hauskúpu frá Tchad sem fannst árið 2002. Þessar mannverur gengu á tveimur fótum sem gefur meiri hreyfanleika og sparar orku. Þær höfðu sérstakan tanngarð og stóran heila sem gerði sköpun menningar mögulega og þær höfðu sérstaka hæfileika til að aðlaga sig umhverfinu.

Maðurinn (lat. *Homo sapiens*) er eina núlifandi dýrið sem er mannættar. Hann er líka eina núlifandi tegundin sem tilheyrir ættkvíslinni *Homo* en talið er að það hafi verið uppi a.m.k. 15 tegundir manna sem nú eru útdaudar. Þróunarsaga mannsins er flókin og snýst um þessar manntegundir, uppruna þeirra og afdrif. Þróun mannsins var engan veginn línuleg og stefnubundin og þróunarsaga hans er flókin og umdeild. Sem dæmi má nefna að talið er að fyrir u.þ.b. 1,8 milljón ára hafi a.m.k. fjórar tegundir manna verið samtímis í austurhluta Afríku, hver



Klettmálverk frá Tassili-n'Ajjer í Alsír. Verkið er talið vera allt að 7000 ára gamalt.

með sín sérkenni. Löngu síðar lifðu nútímamaðurinn og neanderdalsmaðurinn samtímis í Evrópu og Austurlöndum nær. Nútímamaðurinn lifði af en neanderdalsmaðurinn dó út án þess að skilja eftir sig afkomendur.

Þekktustu tegundir manna eru hinn handlagni maður (lat. *Homo habilis*), hinn upprétti maður (lat. *Homo erectus*) og hinn viti borni maður (lat. *Homo sapiens*), en nútímamaðurinn er deilitegund hans (lat. *Homo sapiens sapiens*). Fyrstu steingervingar mannvera, sem tilheyra tegund hins handlagna manns, fundust í Keníu árið 1972 og eru tveggja milljón ára gamlir. Hinn handlagni maður var fær um flóknar hugsanir sem gerði honum kleift að nota verkfæri, safna og framleiða fæðu og byggja sér skjól. Hann er fyrsta manntegundin sem vitað er til að hafi notað verkfæri úr steini.

Það er umdeilt hvenær hinn upprétti maður (lat. *Homo erectus*), eða reismaðurinn eins og hann er einnig nefndur, kom til sögunnar. Sumir telja að hann hafi verið uppi fyrir um 2,3 milljónum ára, aðrir fræðimenn telja að hann sé yngri eða um 1,6 milljón ára. Hinn upprétti maður kom brátt í stað annarra mannvera í Afríku en hann líktist verulega nálifandi mönnum. Heili hans var um 1000 grömm eða 450 grömmum minni en meðalheili manns í dag en þó verulega stærri en heili hins handlagna manns. Hinn upprétti maður notaði sennilega eld og hafði nokkuð þróað tungumál. Hann þróaði flóknari tæki úr steini en áður þekktust auk þess að stunda veiðar. Vegna hæfni sinnar til að aðlaga sig breyti-

JÓNÍNA EINARSDÓTTIR

legum umhverfisaðstæðum flutti hinn upprétti maður frá Afríku til Asíu og Evrópu. Fyrir um einni milljón ára hafði hann náð að dreifa sér um stóran hluta Asíu en ætlað er að elstu minjar um hann í Evrópu séu um 800 þúsund ára gamlar. Hinn upprétti maður var fær um að aðlaga sig aðstæðum með því að nýta sér tæki sín og menningu án þess að aðlagast líffræðilega, þ.e. með þróun sem getur tekið þúsundir eða jafnvel milljónir ára. Hinn viti borni maður tók smátt og smátt yfir en talið er að hinn upprétti maður hafi haldið velli lengst í Asíu eða þar til fyrir 53 þúsund árum.

Maðurinn á sér sameiginlega formóður sem er upprunnin í Afríku og hann dreifði sér síðan um heimsbyggðina. Um það er ekki deilt. Fræðimenn greinir hins vegar á um afdrif hans eftir það og uppi eru um það tvær kenningar. Samkvæmt annarri kenningunni, en þeir sem hana styðja kallast gjarnan fjölsköpunarsinnar, skiptist maðurinn í kynþætti eftir að hinn upprétti maður (lat. *Homo erectus*) dreifðist frá Afríku til annarra heimsálfa og þróaðist síðan í nútímamanninn hver í sinni heimsálfu. Þannig þróuðust kynstofnar mannsins aðskildir í Afríku, Evrópu og Asíu þar til nýlega. Því ber að flokka Afríkubúa, Evrópumenn og Asíumenn sem aðskilda kynþætti. Samkvæmt hinni kenningunni, sem nýtur stuðnings einsköpunarsinna, er nútímamaðurinn upprunninn í Afríku og dreifðist þaðan tiltölulega nýlega eða fyrir um 100 þúsund árum síðan. Hann kom smátt og smátt í stað annarra manntegunda, eins og neanderdalsmannsins og hins upprétta manns, sem dóu út. Í Evrópu eru elstu leifar hans um 40 þúsund ára. Vegna flutninga fram og til baka átti sér stað stöðugt genaflæði milli svæða. Því er ekki réttlætandi að tala um aðskilda kynþætti þar sem hver hefur sína þróunarsögu. Þessi kenning hefur fengið aukinn stuðning á grundvelli niðurstaðna nýlegra genarannsóknna sem sýna fram á að erfðafræðilegur munur eftir svokölluðum kynþáttum er lítill.

Flestar vísbendingar, eins og steingervingar mannvera, leifar verkfæra og annarra fornminja og erfðafræðilegar rannsóknir, styðja síðari kenninguna. Þróunarerfðafræðin sýnir t.d. að það er ekki nægjanlegur erfðafræðilegur munur milli fólks, sem býr á landfræðilega afmörkuðum svæðum, til að tala um kynþætti eða aðrar undirtegundir mannsins. Meiri erfðafræðilegur munur er milli einstaklinga sama samfélags en milli landfræðilega fjarlæggra svæða. Aðrar dýrategundir hafa mun meiri erfðafræðilegan breytileika innbyrðis en maðurinn sem er með því minnsta sem þekkist þrátt fyrir mikla landfræðilega dreifingu. Genarannsóknir sýna að Evrópa fellur erfðafræðilega á milli Afríku og Asíu. Mestur

erfðafræðilegur munur er á íbúum Eyjaálfu og Afríku. Þeir hafa þó sameiginleg líkamleg einkenni, eins og litarhátt, hárgerð og andlitsform, og samkvæmt þeim hafa þeir verið flokkaðir í sama kynþátt. Þessi sameiginlegu einkenni, sem endurspeglast að litlu leyti í genum, má skýra með því að tiltekinn litarháttur, hárgerð og andlitsform sé aðlögun að hitabeltinu.

Samfélag veiðimanna og safnara

Áður en maðurinn fór að nýta sér náttúruna með meðvituduðum hætti til framleiðslu á fæðu stundaði hann veiðar og safnaði fæðu sér til viðurværis. Erfitt er að gera sér í hugarlund hvernig lífi hans var háttað. Fornleifafræðingar byggja niðurstöður sínar á ýmsum vegsummerkjum, svo sem leifum verkfæra, beina og mannabyggða. Aðeins varanlegt efni skilur eftir sig spor og því er framleiðslutæki eins og körfur og stunguspaða hvergi að finna. Þar sem bústaðir safnara voru ekki fastir er lítið um leifar eftir þá. Það er mjög umdeilt hvort hægt sé að draga ályktanir um lifnaðarhætti safnara, hvað varðar fæði, samfélagsgerð, tækjanotkun, heilsu og búsetuform, með hliðsjón af lífsháttum safnara samtímans. Samfélög safnara eru ekki óbreytanleg og andstætt viðtekinni hugmynd um einangrun þeirra er nú ljóst að eins og önnur samfélög hafa þau orðið fyrir áhrifum frá umheiminum.

Af fornleifum að dæma er ljóst að fyrir um 40 þúsund árum, þ.e. á fyrri hluta fornsteinaldar, breytti maðurinn smám saman hegðun sinni, að því er virðist óháð líffræðilegum breytingum, svo sem stækkun heilans. Áður voru tæki mannsins mun einfaldari og efnisnotkun takmörkuð. Tækin voru ekki stöðluð og því ekki hægt að sjá einkenni þeirra eftir svæðum og það eru hvorki vísbendingar um listsköpun né verslun. En í kjölfar breytinganna er greinilegt að tæki úr steini urðu minni og sjá má svæðisbundin einkenni. Ný efni komu til sögunnar, t.d. voru skutlar, önglar og nálar smíðaðar úr beini og reipi og net gerð úr trefjum til að auka fjölbreytni í veiðitækni.

Listaverk og skartgripir eru einnig meðal fornleifafunda frá þessum tíma. Grafir látinna benda til þess að fólk hafi verið grafið með viðhöfn og telja sumir að á þessum tíma hafi maðurinn þróað með sér trúarbrögð. Hliðstæðar eldri fornminjar hafa eingöngu fundist í Blombos Cave í Suður-Afríku en þær eru 70 þúsund ára gamlar en fornleifar, yngri en 40 þúsund ára, hafa fundist víða um álfuna. Spurningin er hvort hér sé um dreifingu umræddra atriða að ræða eða hvort hliðstæðar uppötvanir hafi orðið samtímis á mörgum stöðum.

JÓNÍNA EINARSDÓTTIR

Tvær ímyndir um líf safnara og veiðimanna eru mest áberandi. Önnur er af karlinum sem veiðimanni sem verndar konu og börn. Greinilegt er þó að verkskipting í samfélögum veiðimanna var og er mun minni en í landbúnaðarsamfélögum og að karlar voru líka safnarar og konur veiddu dýr. Hin hugmyndin er að safnarar og veiðimenn væru frumstæðir, ruddalegir, luralegir og smáir vexti. Rannsóknir sýna að þeir unnu ekki mikið og lifðu almennt góðu lífi og það er talin ástæða þess að þeir lifðu öldum saman samhliða landbúnaðarsamfélögum.

Upphaf landbúnaðar og búsdýrabalds

Framfarir á tveimur sviðum eru taldar hafa verið mikilvægastar fyrir frekari þróun mannsins: fæðuframleiðsla og málmvinnsla, sérstaklega þróun járnvinnslu. Að mörgu leyti má segja að framleiðsla landbúnaðarafurða marki upphaf sögunnar. Landbúnaður, þ.e. þegar maðurinn umbreytti náttúrunni til framleiðslu matvæla á meðvitaðan hátt, hófst fyrir rúmlega 10 þúsund árum og er hann oft talinn hafa breytt lífi mannsins meira en nokkuð annað. Til þess þurfti ekki mikla nýja þekkingu eða tæki þar sem veiðimenn og safnarar höfðu hana fyrir. Þeir höfðu lengi brennt skóg til að auðvelda veiðina og auka næringu jarðvegs fyrir plöntur sem voru nýttar til fæðu. Landbúnaðarbyltingin var hægfara breyting sem gerðist án þess að þeir sem að henni stóðu tækju eftir því. Landbúnaður virðist hafa byrjað á a.m.k. þremur ef ekki sjö eða átta stöðum samtímis á ekki lengra tímabili en fimm þúsund árum. Umhverfisþættir hafa hugsanlega haft sín áhrif, svo og samfélagslegir þættir, t.d. sú staðreynd að með ræktun korns var hægt að framleiða áfenga drykki.

Fyrir 10-12 þúsund árum hófst fæðuframleiðsla á þremur tiltölulega aðskildum svæðum; í Miðausturlöndum, í Austur-Asíu og á austurhluta Saharasvæðisins í Afríku. Fyrstu fæðuframleiðendurnir bjuggu í Miðausturlöndum og byrjuðu þeir að safna fræjum villtra plantna og nýta þau til framleiðslu fyrir um 20 þúsund árum. Með hliðsjón af rannsóknum á tungumálum og þeirri tækni, sem beitt var, má rekja upphaf landbúnaðar til samfélags veiðimanna og safnara frá norðausturhluta Afríku. Talið er að tæknin hafi breiðst út þaðan til Norður-Afríku og Miðausturlanda. Landbúnaður hófst síðar víða um álfuna en þar sem tæknin og plönturnar sunnan Sahara eru breytilegar er talið að um óháðar uppgötvanir sé að ræða fremur en dreifingu þekkingar. Seinni byltingin í landbúnaði varð fyrir um sjö þúsund árum síðan á Horni Afríku, í skógum staktrjáalands Vestur-Afríku og á svæðum í Andesfjöllum, Mið-Mexíkó og austurhluta Banda-

ríkjanna. Um 5000 f.Kr. urðu miklar framfarir á sviði landbúnaðar með fram Nílarfljóti.

Fjölbreytileiki plantna í Afríku sunnan Sahara er mun meiri en í Evrópu og Asíu þar sem hveiti og bygg var undirstaðan. Hér skiptir miklu máli að í Evrópu og Asíu er svokallaður vestur-austur ás sem þýðir líkara innbyrðis loftslag en í Afríku þar sem er norður-suður ás með breytilegra loftslagi eins og í Ameríku. Þar hafa því orðið fleiri óháðar uppgötvanir hvað varðar fæðuframléiðslu. Í Afríku eru þó fáar villtar plöntur sem nýtast vel til skipulagðrar ræktunar, öfugt við aðstæður í Miðausturlöndum.

Íbúar Sahara-svæðisins héldu húsdýr á þessum tíma og gerðu það jafnvel áður en ræktun lands hófst. Gíneufuglinn er eina húsdýrið sem öruggt er talið að eigi uppruna sinn í Afríku, en húskötturinn og afbrigði asnans eiga líklega einnig uppruna sinn þar. Gasellur eru of taugaveiklaðar til að vera húsdýr og sebrahesturinn er sérlega illa lyntur og erfiður viðureignar. Fílar hafa í einstaka tilfellum verið notaðir til flutninga, sérstaklega í herleiðöngrum, en þeir fjölga sér ekki ef þeir eru haldnir sem húsdýr og verður að veiða þá villta og temja. Nautgripir, sauðfé, geitur og hænsnfuglar eru allt innfluttar tegundir. Um 6000 f.Kr. voru nautgripir í Norður-Afríku. Þeir komu sennilega frá suðausturluta Asíu og dreifðust þaðan suður fyrir Sahara-eyðimörkina, bæði til austurs og vesturs. Enn má finna nautgripi af þessum stofni í Vestur-Afríku en þeir eru smávaxnir og þola vel svefnsýkina sem þar er landlæg. Sauðfé og geitur komu frá Miðausturlöndum. Hænsnfuglar frá Indlandi voru algengir í Norður-Afríku á Rómartímanum en dreifðust ekki sunnan Sahara-eyðimerkurinnar fyrir en eftir 600 e.Kr. Kameldýrin komu frá Arabíu í Nílardalinn um 700 f.Kr. en hesturinn var þar miklu fyrir eða frá 1600 f.Kr.

Í Norður-Afríku og Eþíópíu var notaður plógur en það var ekki hægt annars staðar vegna tsetseflugunnar sem veldur svefnsýki en hún gerði hald dráttardýra erfitt. Jarðvegurinn leyfði heldur ekki alltaf notkun plógs og því var hakinn aðal-tækið. Vegna skorts á næringarefnum í jarðvegi var skiptirækt stunduð en hún felst í að skóglendi er brennt og landið ræktað. Brennsla skógar gegnir margs konar hlutverki. Hún gerir landið aðgengilegt og eldurinn eyðir villtum plöntum sem keppa við þá tegund sem á að rækta. Brennslan skilar einnig næringarefnum trjána í jarðveginn og eykur frjósemi hans. Eftir tvö til þrjú ár, eða allt að tíu ár þar sem jarðvegur er frjósamari, er landið yfirgefið og ný svæði unnin. Þetta krefst mikils vinnuafls en í Afríku er skortur á vinnuaflí víða mikill en nóg

JÓNÍNA EINARSDÓTTIR

af landi. Því er talið að ættartengsl og stórar fjölskyldur verði veigamiklar þar sem konur eru mikilvægastar og þar með fjölkvæni.

Landbúnaður hafði áhrif á útbreiðslu og genablöndun mannsins. Rannsóknir á sviði fornleifafraeði, málvísinda og erfðafræði sýna að landbúnaði fylgdi gríðarleg fólksfjölgun. Hvort heldur í Afríku, Asíu, Evrópu eða Ameríku byrjuðu stórir hópar fólks að stunda landbúnað og tóku þar með yfir svæði þar sem áður voru veiðimenn og safnarar. Leiddi það til mikillar erfðafræðilegrar blöndunar milli hópa. Talið er að föst búseta hafi leitt til aukinnar stéttaskiptingar innan samfélaga, söfnunar auðs og stofnunar ríkja. Deilur urðu milli búfastra og hirðingja um aðgang að landi. Vegna þéttari byggðar var meira um smitsjúkdóma sem síðan urðu barnasjúkdómar þegar fullorðnir höfðu myndað ónæmi.

Búferlaflutningar og samfélagsþróun (3500 f.Kr.-1500 e.Kr.)

Fólksflutningar bantúfólksins

Sagnfræðingar styðjast við rannsóknir í málvísindum og þar á meðal útbreiðslu tungumála til að rekja sögu fyrri tíma. Í Afríku eru töluð meira en þúsund tungumál en fjórir flokkar tungumála eiga rætur að rekja þangað. Afróasísk tungumál eru töluð allt frá Nígeríu til Íraks og indóevrópsk tungumál frá Íslandi til Indlands. Þessi mál dreifðust frá Afríku til Miðausturlanda. Nánast öll mál-in, sem töluð eru frá hálendi Kamerúns til strandbyggða Austur-Afríku, eru skyld og kallast einu nafni bantúmál. Bantúmál eru undirflokkur Níger-Kongómálaættarinnar sem er að finna allt frá Senegal til Suður-Afríku. Sennilegast er um að ræða stærstu tungumálaætt heims ef miðað er við fjölda tungumála. Bantúar voru bændur sem tóku þátt í umfangsmiklum fólksflutningum frá um 3000 f.Kr. til 1000 e.Kr. Á sama tíma áttu sér stað fólksflutningar frá eyjum Kyrrahafsins til Austur-Afríku og tungumál Eyjaálfa urðu þar með einn útbreiddasti málaflokkur heims.

Fræðimenn fyrri tíma veittu því athygli að það voru litlir hópar fólks í austur- og suðurhluta Afríku sem töluðu mál allsendis óskyld málum nágretta sinna. Hér voru á ferðinni svokölluð koísanmál og twa-tungumál pygmea. Koísanmálaættin telur um 50 tungumál. Fræðimenn töldu að bantúar, sem voru bændur sem þekktu til vinnslu járn, hafi hernumið land safnara og hrakið þá burtu. Pygmear hafi þannig flúið til afskekktustu svæða í skógunum og sanar út í eyðimörkina. Þeir töldu líka að þessir flutningar hafi átt sér stað á tiltölulega skömmum tíma og að um hafi verið að ræða meðvitada, hernaðarlega aðgerð.

Þessi mynd féll vel að aðstæðum þess tíma þegar hún var sett fram, þ.e. þegar Evrópumenn voru sjálfir að leggja undir sig Afríku. Það þótti sjálfgefið að hinir stærri og þróaðri bantúar skyldu vinna sigur á vanþróaðra fólki sem var safnarar. Hins vegar benda rannsóknir til að flutningarnir hafi tekið langan tíma og ekki hafi verið um beina, hernaðarlega ávinninga að ræða þó að átök hljóti einhvern tímann að hafa orðið.

Fornleifarannsóknir benda til þess að bantúar, sem bjuggu á svæðinu milli Kamerúns og Nígeríu, hafi byrjað að flytjast suður á bóginn um 3000 f.Kr. Þeir hafa sennilega flutt vegna vinnslu nýs lands og jafnvel notað árnar til flutninga eða til að forðast átök. Hér var í meginatriðum um að ræða nám lands sem þeir töldu vera óbygggt. Pygmear hafa ýmist blandast aðkomufólki, orðið undirsátar þess eða flutt annað. Flutningarnir byrjuðu áður en vinnsla járns var þekkt. Ástæða flutninganna gæti hafa verið aukinn fólksfjöldi sem var afleiðing þess að farið var að stunda landbúnað með skipulögðum hætti. Bantúar höfðu líklega þróað með sér visst ónæmi gegn sjúkdómum sem safnarana skorti. Þar á meðal var líklega malarían en hún er talin eiga rætur að rekja til upphafs landbúnaðarframleiðslu í Vestur-Afríku. Fyrst námu bantúar skóglendi Mið-Afríku, en síðar dreifðust þeir til graslendis Austur-Afríku þar sem fyrir var fólk sem talaði kús-mál sem tilheyrir afróasískri ætt tungumála. Bantúarnir hafa sennilega lært kornrækt af þeim en mörg orð um landbúnað í Austur-Afríku koma úr kús-málum. Um 1100 f.Kr. var bantúmælandi fólk frá Kamerún komið til suðurhluta Sómalíu og Suður-Afríku. Það lifði af landbúnaði, fiskveiðum og nautgripahaldi.

Járnvinnsla og ræktun banana

Tvö mikilvæg skref í tækniþróun mannsins áttu sér stað á tímum framangreindra fólksflutninga, þ.e. vinnsla járns og ræktun banana. Sennilega var járn fyrst notað í Anatólíu (Tyrklandi) u.þ.b. 1400 f.Kr. en þekkingin um vinnslu járns var um 200 ár að dreifast með fólksflutningum og verslun til Evrópu og Afríku norðan- og vestanverðrar. Egyptar þekktu til járns um 1000 f.Kr. en framleiddu það ekki. Það þarf mikið magn skógar eða 10-15 tré til að framleiða eitt kíló af járn og leiddi það til verulegrar skógareyðingar. Hrun Meroeríkisins, sem dregur nafn sitt af borginni Meroe á austurbakka Nílar u.þ.b. 200 km norðaustur af Kartúm í Súdan, hefur verið rakið til samdráttar á landbúnaði vegna eyðingar skóga samfara járnframleiðslu til útflutnings. Saga ríkisins nær yfir margar aldir eða frá því um 800 f.Kr. til 350 e.Kr. en þaðan

JÓNÍNA EINARSDÓTTIR

dreifðist þekkingin á vinnslu járns suður á bóginn. Þó er talið mögulegt að vinnsla járns á svæðinu milli Viktoríuvatns og Tanganykavatns byggist á óháðri uppgötvun en þar var járngerð með allt öðrum hætti. Með notkun sérstakra píþna fékkst hærra hitastig við vinnsluna og þar var nánast um stálframleiðslu að ræða. Um 500 f.Kr. var framleitt járn í Nígíeríu en járníð reyndist mikilvægt til að ryðja land til ræktunar sem aftur leiddi til aukinnar þéttingar byggðar og fólksfjölgunar.

Á sama tíma og notkun járns varð almennari komu bananar til sögunnar. Til eru tæplega 200 tegundir af banönum og margar þeirra eru ríkar af sterkju og eru grænar og rauðar fremur en gular. Margar tegundir banana gegna því sama hlutverki og kartöflur, auk þess að nýtast til bruggunar bjórs og framleiðslu víns. Með bananarækt er hægt að framleiða mat fyrir marga á litlu flatarmáli. Auk þess þola bananaplöntur vel raka regnskóganna, en áður en ræktun þeirra hófst höfðu íbúar regnskóganna aðeins jam og olúpálma. Korn þolir aftur á móti ekki raka regnskóganna og því voru bananar mikilvæg viðbót.

Uppruni banana er óljós en lengi vel var talið að þeir væru upprunnir í suðausturhluta Asíu. Árið 2001 fundust í Vestur-Afríku steingervingar af banana frá því 500 f.Kr. sem hefur verið bananafræðingum mikil ráðgáta en það er fyrr en áður var talið. Elstu hópar fólks, sem töluðu Eyjaálfumál og bjuggu sennilega í Suður-Kína, byrjuðu að flytja sig til Taívan um 3000 f.Kr. og síðan til fleiri eyja Kyrrahafsins. Hluti þessara fólksflutninga náði yfir Indlandshafið til Madagaskar og Afríku. Tímasetning þessara atburða er á huldu en áætlanir, sem byggjast á rannsóknnum í málvísindum, benda til þess að það séu um tvö þúsund ár síðan. Þó ber að hafa í huga að engar fornminjar á Madagaskar styðja að fólk hafi búið þar fyrr en 800 f.Kr. og samkvæmt þeim er ekkert sem bendir til hliðstæðrar menningar þar og í Suðaustur-Asíu og reyndar ekki heldur Afríku. Hvort fólkíð hafi farið sjóleiðina beint til Madagaskar eða fylgt austurströnd Afríku liggur ekki fyrir. Svo virðist því sem að með þessum innflytjendum hafi komið afurðir eins og bananar, hrísgrjón og nýjar tegundir jams, auk sérstakrar tegundar kanós með utanborðsgrind.

Ríkjamyndun í Norður-Afríku

Hið forna menningarsvæði Egyptalands, sem hefur verið kallað „landið við fljótið“ eða „gjöf Nílar“, er enn söguleg ráðgáta. Sumir Afríkufræðingar telja það tilheyra afrískri sögu, aðrir að það tilheyri frekar sögu Miðjarðarhafsins og

Evrópu þó að landið hafi eins og fyrir tilviljun verið staðsett á norðurströnd Afríku. Einnig er deilt um hvaða kynþætti hinir fornu Egyptar hafi tilheyrt.

Nílardalurinn er frá náttúrunnar hendi fullkomið svæði fyrir myndun miðstýrðs ríkis. Minjar sýna að villt bygg var uppskorið við efri hluta Nílar 10 þúsund árum f.Kr. Sennilega var föst búseta bæði við efri og neðri hluta árinna um fimm þúsund árum f.Kr. Leirker, sem fundist hafa við elstu byggðirnar, eru með svipuðu formi og fundist hafa í Vestur-Afríku sunnan Sahara og Norður-Afríku. Fram undir fjórða árþúsund f.Kr. gætir fyrst og fremst afrískra áhrifa en eftir það fer að gæta meira áhrifa frá Mesópótamíu.

Venja er að skipta blómaskeiði Egyptalands í tímabil. Fornríkið (3100-2575 f.Kr.) einkennist af ritmáli og hernaði og á tímum Gamla ríkisins eru píramíðarnir byggðir (2575-2180 f.Kr.). Þá taka við Miðríkið (2060-1788 f.Kr.) og Nýríkið (1570-1090 f.Kr.). Egyptaland er óneitanlega hluti Afríku og hið forna tungumál Egypta tilheyrði ætt afróasískra mála. Núbía var hluti Nýríkisins allt til endaloka þess, bæði í stjórnmalalegu og menningarlegu tilliti. Núbía varð síðan sjálfstætt, eþíópískt konungsdæmi og frá 730 f.Kr. var allt Egyptaland undir yfirráðum Núbíu þar til Assýríumenn náðu völdum í landinu árið 663 f.Kr. Miðstöð Núbíu var flutt að hluta til Meroe og úr varð Meroeríkið. Það dró því úr egypskum áhrifum og ritmálið þróaðist í meroískt letur.

Abbesíníukonungar Axumríkisins, sem kom fram á fyrstu öld e.Kr., lögðu undir sig Efri-Nílardalinn og Meroeríkið á fjórðu öld e.Kr. Ríkið var í norðurhluta eþíópíska hálandisins við Rauðahafið og gætti þar grískra áhrifa en gríska var á þessum tíma leiðandi mál í viðskiptum. Á fjórðu öld tók leiðtogi Axumríkisins kristna trú og lagði þar með grunninn að hinni sérstæðu koptísku kirkju Eþíópíu. Á fimmtu og sjöttu öld beindu kristnir trúboðar kröftum sínum að Efri-Níl og Eþíópíu og árið 451 e.Kr. flýðu hópar kristinna manna Sýrland til Eþíópíu og voru þeir nefndir hinir réttisýnu. Þekktastir þeirra var hópur hinna níu dýrlinga, en þeir þýddu Biblíuna á ge'ez og komu á fót klaustrum. Hin kristna koptíska kirkja hefur verið starfandi þar síðan.

Karþagó var eitt af mikilvægustu ríkjum Norðvestur-Afríku og náði yfir það svæði sem nú er Túnis. Karþagó var upphaflega nýlenda Föníkíumanna frá því um 1000 f.Kr. Föníkíumaðurinn Hanno er líklega fyrsti sjófarinn sem sigldi með fram strönd Vestur-Afríku til svæðanna sunnan Sahara á fimmtu öld f.Kr. Samskipti Rómverja og Föníkíumanna, sem Rómverjar kölluðu Púnverja, einkenndust af átökum um hvort ríkið yrði leiðandi við Miðjarðarhafið. Rómverjar unnu

JÓNÍNA EINARSDÓTTIR

loks sigur á Karþagómönnum árið 146 f.Kr., lögðu Karþagóborg í rúst og seldu íbúana í þrælahald. Yfirráð Rómverja náðu brátt yfir Magreb og alla leið til strandsvæða Atlantshafsins. Magreb, sem þýðir vestur á arabísku, liggur norðan við Sahara-eyðimörkina og vestan við Nílardalinn og nær yfir Marokkó, Alsír og Túnis og stundum líka Líbíu og Míritaníu. Íbúar svæðisins, sem eru arabar og berbar, gengu undir nafninu mánar í Evrópu. Föníkíumenn stunduðu verslun yfir Sahara-eyðimörkina og fengu í skiptum gull og fílabein og hið sama gerðu Rómverjar eftir að þeir náðu yfirráðum í Norður-Afríku.

Íbúar Norður-Afríku, Nílardalsins og Horns Afríku voru meðal þeirra sem fyrstir tóku kristna trú. Kristnir söfnuðir veittu harðstjórn Rómaveldis mótspyrnu, en kristin trú átti mestu fylgi að fagna meðal fátækra og kúgaðra. Árið 610 fékk Múhamed kall sem spámaður þegar Gabríel erkiengill vitraðist honum. Múhamed var falið það verkefni að skrifa Kóraninn sem boðar eingyðistrú íslams en hún á sameiginlegar trúarlegar rætur með gyðingdómi og kristni. Fylgismönnum Múhameds fjölgaði hratt og þeir komu að mestu úr lægri stéttum samfélagsins. Kristin trú lét smátt og smátt í minni pokann fyrir íslam sem náði mikilli útbreiðslu í Norður-Afríku og Afríku sunnan Sahara. Múslímar beittu sjaldnast ofbeldi til að snúa fólki til trúar sinnar enda eru sjálfviljug trúskipti talin rétta leiðin til að verða sannur múslími. Oft ríktu því íslömsk stjórnvöld yfir þjóðum sem voru ekki múslímskar.

Her múslíma vann Egyptaland á aðeins þremur árum, þ.e. 639-642, en stjórn Býsantíumanna, hins grískumælandi hluta heimsveldis Rómverja, var óvinsæl vegna hárra skatta. Því var her múslíma að stórum hluta kristinn, en hin nýja múslímska stjórn leyfði aukið trúfrelsi og á tíundu öld voru kristnir enn í meirihluta í Egyptalandi. Það reyndist múslímum hins vegar erfiðara að vinna svæðin í suðri þar sem var hin kristna Núbía. Það sama átti við um vesturhluta Norður-Afríku, Magreb. Með tilkomu borgarvirkja náðist á áttundu öld að vinna strandlengju Norður-Afríku og einnig hluta af Íberíuskaganum. Árið 1095 hvatti Úrban II páfi riddara til að leysa kristna menn í Mið-Austurlöndum undan oki múslíma og frelsa Jerúsalem. Páfi lofaði þeim sem færu til Landsins helga m.a. eignavernd kirkjunnar og syndaaflausn. Í kjölfarið voru farnar margar svokallaðar krossferðir. Krossfararnir vonuðust til þess að Prester John, goðsagnakenndur, afrískur, kristinn konungur, myndi ráðast á múslíma að sunnan og sameinast hinum kristna heimi.

Ríkjamyndun í Vestur-Afríku

Notkun kameldýrsins, sem hófst um 300 e.Kr., gerði Rómverjum kleift að opna verslunarleið yfir Sahara-eyðimörkina. Verslunin leiddi til ríkjamyndunar, t.d. Gana og Bornu, og þéttbýlis í Gao og Jenne-Jeno. Andstætt Norður-Afríku kynntist Vestur-Afríka íslam gegnum verslunarmenn sem ferðuðust á kameldýrum yfir eyðimörkina. Íslam hafði mikil áhrif á stjórnmál og menningarlíf. Arabíska varð tungumál lærdóms og þekkingar bæði í Norður- og Vestur-Afríku en í Vestur-Afríku náði hún ekki til stjórnsýslunnar og daglegs lífs. Ritmálið var tekið í notkun og því er að finna dýrmætar heimildir en fram að þessu tímabili geta sagnfræðingar eingöngu stuðst við fornleifar, munnlegar heimildir og rannsóknir í málvísindum.

Heimildir um Ganaríkið, sem var öflugt á 13.-14. öld, eru flestar arabískar. Ríkið var frægt fyrir auðlegð sem byggðist á gulleign og blómstrandi verslun með salt, kopar og vefnaðarvöru. Ýmsar tilgátur hafa verið settar fram um ástæðu þess að Ganaríkið féll. Ein er að konungurinn hafði misst einkaleyfi á verslun samtímis og þurrkar gengu yfir. Önnur tilgáta er að hreyfing almoravid-múslíma frá Norður-Afríku, sem hafði vikið frá fyrri baráttu fyrir trúarlegum umbótum til hernaðarlegra landvinninga eftir 1054, hafi hertekið Ganaríkið. Almoravid-múslímar byggðu upp keisaradæmi sem á 11. og 12. öld náði yfir stóran hluta Marokkós og Spánar auk hluta af Alsír. Þeir stjórnðu versluninni yfir Sahara frá landamærum Gana til Marokkós og veiktu vissulega Ganaríkið. Það virðist þó mörgum fræðimönnum líklegra að áhrifa þeirra hafi gætt smátt og smátt án beinnar, hernaðarlegrar yfirtöku og til eru heimildir um að konungur Gana hafi tekið íslamska trú.

Sumanguru Kante, konungur sossomanna, nýtti sér veika stöðu Ganaríksins og náði undir sig nágrannaþjóðum, þ.m.t. tólf ríkjum mandinkafólksins seint á 12. öld. Undir stjórn Sundiata Keita vann mandinkafólkið sigur á Sumanguru Kante árið 1235 í frægri orrustu og úr varð sameinað ríki þeirra, Malí. Vegna þess að Malí náði lengra vestur og austur en Ganaríkið var léttara að halda stjórn á versluninni og krefjast skatta af vörum sem fóru yfir landamærin. Malí var eitt af auðugustu ríkjum heims á sínum tíma og kölluðu Evrópumenn Timbúktú borg gullsins. Timbúktú var þó ekki bara miðstöð ríkiðæmis og verslunar heldur líka lærdóms. Þar stofnaði Mansa Musa háskóla á 14. öld sem var frægur fyrir íslamska menntun. Bækur voru á þessum tíma verðmætur söluvorningur. Innri deilur, veikir leiðtogar og ytri öfl leiddu til hruns Malíríkisins á 15. öld. Timbúktú féll í hendur túareganna árið 1433 og um 1600 var lítið eftir af þessu



Framhlið á húsi Ahmed Baba í Timbúktú, Malí.

Með leyfi Alida Jay Boye, Timbuktu Manuscripts Project.

Verslun á austurströndinni

Íslam breiddist fljótt til Austur-Afríku en náði aðallega til strandbyggðanna. Borgin Harar, sem er í austurhluta eþíópíska hálendisins, varð lærdómsmiðstöð fyrir íslam á 7.-11. öld. Smátt og smátt dreifðist íslam til íbúa innlandsins og

volduga ríki. Verslun og menntun héldu þó áfram að blómstra þar sem nýtt ríki, Songhaíríkið, kom til sögunnar.

Á níundu öld höfðu íbúar Gao þanið landamæri sín til Níggers og það varð hluti Malíríkisins. Þegar Malíríkið liðaðist í sundur náði Songhaíríkið að öðlast sjálfstæði. Undir stjórn Sonno Alis tókst að vinna bug á túaregum og mossum. Árið 1468 varð Timbúktú hluti Songhaíríkisins og það sama gildi um Jenne árið 1473. Eftir átök milli Alis og eftirmanna hans lenti Songhaíríkið undir stjórn Marokkómanna sem stýrðu svæðinu í 100 ár en án mikils ávinnings. Gullið, sem áður hafði flætt yfir eyðimörkina, var nú selt suður á bóginn eða flutt með skipum til Evrópu.

Kanem-Bornu og Hásaland að austan- og vestanverðu við Tchadvatnið voru meðal fyrstu ríkja Vestur-Afríku til að taka íslamska trú, hið fyrra á 12. öld og það síðara á 14. öld. Enn þann dag í dag aðhyllast íbúar Hásalands trúarbrögð sem nefnast bori en þau viðurkenna tiltekna þætti íslamskra trúarbragða en hafna öðrum. Íslam er mjög fjölbreytileg trú og á sumum svæðum Vestur-Afríku hefur átt sér stað mikil blöndun afrískra trúarbragða og íslams meðan önnur halda íslam í heiðri eins og í Miðausturlöndum.

suður á bóginn. Á austurströnd Afríku breiddist íslam fyrst út með svahílíum fyrir tilstilli Indlandsverslunarinnar. Þótt samfélög svahílía, sem þýðir fólk strandarinnar á arabísku, hafi í meginatriðum líkst íbúum innlandsins, einkenndust byggðir þeirra frá áttundu og níundu öld fremur af borgum en þorpum.

Á fyrri hluta 20. aldar töldu fræðimenn, sem áttu erfitt með að ímynda sér að Afríkubúar hefðu byggt borgir, að borgir svahílía væru verk arabískra kaupmanna. Í arabískum heimildum er tilhneiging til að fjalla um íbúa strandbyggðanna eins og þeir væru ekki múslimar en fyrstu lýsingar á þeim sem múslímum er að finna í frásögnum arabíska ferðalangsins og sagnaritarans Ibn Battutas sem kom þangað á 14. öld. Fornleifafræðingar hafa hins vegar sýnt fram á að sumir þeirra voru múslimar allt frá áttundu öld og enn fleiri frá 11. öld. Engir fornleifafundir benda til þess að þangað hafi flutt arabar eða Persar.

Eins og í Vestur-Afríku kom arabískan ekki alfarið í stað innlendra tungumála á austurströndinni. Slíkt átti sér aðeins stað í Súdan og Sómalíu. Svahílífólkið var sömu trúar og arabar og talaði mál sem var blanda afrískra tungumála og arabísku. Það framleiddi eigin afurðir, t.d. járn, bómullarfatnað og báta. Timbur og síðar ræktað korn var selt til Miðausturlanda þar sem mikill skortur var á því. Svahílífólkið átti einnig í margvíslegum samskiptum við íbúa innlandsins og var þannig í góðri aðstöðu til að stunda viðskipti. Verslun með afurðir innlandsins jókst verulega og þeim var safnað saman við heppilegar verslunarhafnir með tilliti til monsúnvindanna. Á fyrstu öld sigldu sæfarar frá Indónesíu til Austur-Afríku, en Indlandshafið er þægilegt til siglinga, hlýtt, straumlítið og lítt vindasamt. Til eru jafnvel vísbendingar um viðskipti milli Mesópótamíu og Austur-Afríku á bronsöldinni eða á 3.-11. öld f.Kr. Þetta var mögulegt vegna monsúnvindanna sem blása ýmist að austurströnd Afríku eða frá henni. En þá hafa sæfarar jafnvel þurft að bíða fjóra til sex mánuði eftir að vindátt breyttist.

Gullnámur voru hundruð mílna upp með fljótunum Zambesi og Limpopo. Ríki mynduðust á þessum svæðum vegna verslunarinnar og var Stór-Zimbabve eitt af þeim mikilvægustu. Þegar Evrópubúar fundu rústir þess gátu þeir sér þess til að þær væru verk Föníkíumanna, gyðinga, araba eða týndrar rómverskrar fylkingar, þ.e. einhverra annarra en Afríkumanna. Það voru þó líklega shonar, sem lifðu af nautgriparækt, sem reistu þessar byggingar á tímabilinu 1250-1350.

Sögulegar heimildir sýna að flabein, gull, þrælur og trjákvöða voru meðal útflutningsvara til Indlands og umfangsmikil vinnsla járnsmiðna átti sér stað. Á tímabilinu 1000-1500 var mikið ríkidæmi á Svahílíströndinni og á 14. öld notaði yfirstétt-

JÓNÍNA EINARSDÓTTIR

in postulín og silki frá Kína. Vefnaðarvörur og hrísgrjón frá Indlandi voru einnig vinsæll söluvarningur. Timbur var verslunarvara þar sem meirihluti bygginga var úr viði þar til um miðja 14. öld að kórall eða kalksteinn var tekinn í notkun.

Erfitt er að segja til um umfang þrælaverslunar á þessum tíma því að hún skilur ekki eftir sig augljósar fornminjar. Vitað er að á níundu öld unnu þúsundir afrískra þræla á mýrarsvæðum í suðurhluta Íraks, en þar varð mikil þrælauppreisn sem stóð yfir í 20 ár og átti sinn þátt í hruni kalífaveldis Abbasíd-ættarinnar. Svo virðist sem þrælahald hafi verið lagt niður í landbúnaði í Miðausturlöndum í kjölfarið. Þrælar voru líka notaðir sem hermenn, sjómenn, perlukafarar og hjákonur. Líklegt er að íbúar innlandsins, sem voru ekki múslimar, hafi verið teknir sem þrælar. Þrælar frá Afríku sunnan Sahara áttu síðar eftir að verða mikilvægasta verslunarvara alþjóðlegra viðskipta.

Þrælasala og heimsvaldastefna (1500-1880)

Koma Evrópumanna til vesturstrandarinnar


Á landsvæðinu frá Gíneu-Bissá á vesturströnd Afríku til Kongós ríkir hitabeltisloftslag með miklum rigningum, ófrjósömum jarðvegi og skógum sem hindra að sólargeislarnir nái til jarðar. Bændur nýttu því flæðarmál Vestur-Afríku til hrísgrjónaræktunar og notkun járnsláudveldaði hreinsun skóganna og vinnu við ræktun. Þó var ekki hægt að halda húsdýr eða nýta dráttardýr vegna tsetseflugunnar þar sem bit hennar er eitrað og getur verið banvænt nautgripum og hestum. Mannfólkinu stafar einnig hætta af biti flugunnar en hún sýgur blóð og flytur þannig sjúkdóminn svefnisýki á milli dýra og manna. Þar sem ekki var hægt að nota dráttardýr var mikil þörf fyrir vinnukraft. Svæðið gaf af sér verðmætan harðvið, kólahnetur, pálmaolíu, sjávarafurðir og salt. Í skógunum var líka það sem mestu skipti, gull. Sahara-verslunin blómstraði og verslunarmenn skiptu á gulli og kólahnetum frá skógarsvæðunum fyrir salt, kopar og fleiri afurðir.

Íbúar Vestur-Afríku voru ekki eins tengdir hafinu og þeir sem byggðu álfuna austanverða. Atlantshafið er vindasamt og erfitt yfirferðar og fátt um góðar hafnir frá náttúrunnar hendi. Eyjar undan ströndum Vestur-Afríku voru því oftast óbyggðar þegar siglingar Portúgala suður með ströndinni hófust á 15. öld. Þá urðu miklar breytingar á verslunarleiðum og menningarstraumum og það dró úr verslun yfir Sahara.

Fyrstu samskipti Portúgala og íbúa strandbyggða Vestur-Afríku voru friðsamleg. Portúgalar gerðu þó fljótlega tilraun til að taka þræla og það leiddi til

harðrar mótspyrnu og þeir héldu sig því framan af við aðra almenna verslun. Heimildir benda til þess að hvorugum aðilanum hafi þótt hinn sérlega aðlaðandi til að byrja með en fljótlega fjölgandi hjónaböndum Portúgala og íbúa strandbyggðanna. Fólk virðist sjaldan flokkað í hvíta og svarta á þessum tíma og þegar sú skipting var gerð fólst ekki endilega í henni að annar væri æðri en hinn. Yórúbar kölluðu Evrópumenn þó *oyinbo*, sem er nafn fyrir innri hluta appelsínubarkar, þ.e. þeir litu út eins og að búið væri að taka af þeim hýðið eða skinnið. Evrópumenn voru gjarnan skilgreindir sem hinir kristnu, eða með hugtakinu *mindele* (á kikongo og kimbundu) sem þýðir hvalur, þ.e. þeir komu með skipi sem líktist hval. Í Austur-Afríku var orðið *mzungy* notað sem þýðir hið eirðarlausu fólk. Portúgalar kenndu fólk hins vegar oft við staði og stjórnarhætti.

Af heimildum má ráða að bæði Portúgalar og íbúar Vestur-Afríku hafi fyrst og fremst litið á hvora aðra sem fólk. Hugmyndin um að hér væru á ferðinni mismunandi kynþættir virðist ekki hafa verið fyrir hendi. Að undanskilinni siglingatækninni var tiltölulega lítill munur á tækniþróun samfélaga þeirra. Báðir aðilar höfðu svipaðar hugmyndir um réttmæta stjórnskipan, þ.e. konungsvald sem var almættinu þóknanlegt. Þótt trúarbrögðin væru ekki þau sömu mátti finna hliðstæður. Áhersla kaþólskra á heilaga þrenningu og fjölda dýrlinga var ekki framandi fyrir samfélög sem aðhylltust algyðistrúarbrögð. Í Afríku var fjöldi trúarbragða og því ekkert nýtt að rekast á fólk með aðra trú. Portúgalar höfðu reyndar ekki aðeins verslun að markmiði með ferðum sínum heldur vildu einnig breiða út trú sína og menningu. Markmið þeirra var líka að stöðva framgang



Árið 1769 auglýsti fyrirtækið David & John Deas til sölu 94 hrausta þræla.

JÓNÍNA EINARSDÓTTIR

Íslams þar sem þeir sigldu með fram ströndum Afríku í leit að Prester John og konungsríki hans.

Árið 1484 fluttu Portúgalar fjóra munka fransiskanareglunnar til konungsríkisins Kongós. Trúskipti reyndust ákjósanleg þar sem Portúgalar seldu aðeins kristnum mönnum vopn. Konungur ríkisins átti í deilum við granna sína og þurfti á stuðningi að halda í þeirri baráttu. Árið 1491 varð uppreisn í norðurhluta ríkisins og portúgalskir hermenn tóku þátt í að berjja hana niður. Í framhaldinu snerist konungurinn til kristinnar trúar og tók sér portúgalskt nafn. Sama gerði hirðin og aðrir háttsettir aðilar. Þegar konungurinn dó braust út stríð milli þeirra sem aðhylltust samskipti við Portúgal og hinna sem voru á móti þeim. Því lauk með sigri konungssonarins Afonsos en hann var hlynntur Portúgölunum. Hann sendi son sinn til að nema kristin fræði í Lissabon og Róm og var hann vígður fyrsti kaþólski biskupinn í Afríku árið 1521. Portúgalar gerðu hins vegar misheppnaða tilraun til að snúa konungi Beníns til kristinnar trúar en hann virðist hafa nýtt sér von þeirra um að hann tæki kristni, sjálfum sér til framdráttar.

Evrópumönnum gekk almennt illa að breiða út trú sína þar til á 19. öld og á þessum tíma höfðu þeir ekki mikið af eftirsóknarverðum vörum að selja. Vefnaður úr ull var ekki heppilegur í hitabeltinu og járn- og koparvörur þeirra stóðust illa samanburð hvað varðar gæði. Portúgalar fluttu með sér maís og kassavarót frá Brasilíu til Afríku en þessar fæðutegundir höfðu mikil áhrif á fæðuöflun og þar með fólksfjölda. Kassavarót geymist í jörðinni þar til hennar er þörf og maís vex mjög hratt og gefur mikla uppskeru. Annars höfðu Portúgalarnir tiltölulega lítið að selja af eigin varningi en þeir nýttu forskot sitt í siglingatækni og versluðu með vörur sem þeir fluttu milli markaða. Þeir nýttu sér m.a. þá hefð akanfólksins að aðeins þrælar máttu vinna gull. Á tímabilinu 1510-1540 höfðu þeir fjögur skip sem fluttu þræla frá Kongó og Benín til Akansvæðisins þar sem þeir skiptu á þrælum og gulli. Með tímanum höfðu Portúgalar mestan áhuga á verslun með þræla fyrir plantekrur sínar vestan Atlantshafsins og ekki leið á löngu þar til þrælaverslunin varð allsráðandi. Konungsríkið Kongó féll og endurspeglar sú saga á vissan hátt þær afleiðingar sem Atlantshafsverslunin hafði fyrir Afríku.

Þrælaverslunin

Við upphaf 17. aldar tók verslun Evrópumanna í Afríku breytingum. Mikilvægi vefnaðar, krydds og gulls minnkaði en í staðinn urðu þrælar verðmætasta verslunarvaran. Með tilkomu þrælasölnunnar varð nauðsynlegt að byggja upp neikvæða

ímynd af hinni frumstæðu og heiðnu Afríku sem þurfti að frelsa. Á 17. öld er talið að um tíu þúsund þrælur hafi verið fluttir til Ameríku árlega og í byrjun 18. aldar fjölgaði þeim verulega. Þrælasalan náði hámarki frá miðri 17. öld til miðrar 19. aldar en á tímabilinu 1820-1840 voru árlega seldir allt að 115 þúsund þrælur. Talið er að á tímabilinu 1450-1850 hafi a.m.k. 12 milljónir manna verið fluttar sem þrælur yfir Atlantshafið. Þörf fyrir vinnuafli á plantekrum Ameríku var mikil og Afríkubúar reyndust þola slíka þrælavinnu betur en aðrir. Þeir höfðu þol gegn þeim sjúkdómum sem herjuðu auk þekkingarinnar sem þurfti.

Þrælaverslunin hefur verið viðfangsefni fleiri sagnfræðinga en nokkuð annað sem tengist sögu Afríku. Fræðimenn greinir þó á um hver var í betri stöðu hernaðarlega, Evrópumenn eða Afríkubúar. Sumir þeirra leggja áherslu á að Evrópumenn hafi náð að taka þræla vegna betri vopna og hvarðra virkja sem þeir byggðu á Gullströndinni. Það eru hins vegar heimildir um margar misheppnaðar tilraunir þeirra til að taka þræla á 15. öld og fyrri hluta 16. aldar. Auk þess torveldaði þrælatakan verslun og trúboð og því varð ágreiningur meðal Evrópumanna um efnahagslegt ágæti hennar. Fjöldi afrískra hermanna var meiri og þeir höfðu betri þekkingu á staðháttum. Vopn Evrópumanna voru vissulega banvænni en vopn Afríkumanna en hafa ber í huga að þau drógu stutt og voru ónákvæm. Eldvopn 16. aldar voru auk þess ónothæf í rigningu. Það var ekki fyrr en á 19. öld að vopn Evrópumanna urðu verulega betri en vopn andstæðinganna. Sjúkdómar voru Evrópumönnum einnig erfiðir, sérstaklega malaría og gula, en talið er að á þessum tíma hafi allt að 60% þeirra dáið á hverju ári vegna þessara sjúkdóma. Hervirkin, sem voru nánast eingöngu á vesturströnd Afríku, byggðu Evrópumenn fyrst og fremst til að verja gullverslunina hvor fyrir öðrum, ekki til þrælatöku. Afríkumenn brutust oft inn í virkin og heftu aðgang að vatnsbólum.

Einnig er deilt um hlutverk afrískra ríkja í þrælasölunni, skipulag verslunarinnar og afleiðingar hennar. Til eru þeir sem hafna því alfarið að afrískt fólk hafi komið við sögu þrælaverslunarinnar nema sem fórnarlömb. Aðrir telja að það hafi tekið þátt í henni af fúsum og frjálsum vilja. Enn aðrir, sem vilja málamiðlun milli framangreindra sjónarmiða, leggja áherslu á að þeir sem tóku þátt í milliríkjaverslun á þessum tíma, hvort sem það voru Evrópumenn eða Afríkubúar, hafi ekki komist hjá því að tengjast þrælaversluninni á einn eða annan hátt. Slíkt var mikilvægi hennar.

Það sjónarmið að Afríkubúar hafi ekki tekið þátt í þrælaversluninni nema sem fórnarlömb endurspeglast í kvikmyndinni *Rætur*. Þar er lögð áhersla á að vegna



Teikning frá 19. öld af flutningi þræla til hafnar, þaðan sem þeir voru sendir til Ameríku.

sameiginlegs kynþáttar og menningar hafi Afríkumenn ekki selt hvor annan í ánaud. Lögð er áhersla á afríska einingu og hjálparleysi gagnvart þeim sem meira máttu sín hernaðarlega. Þessu hafna margir á þeirri forsendu að hugmyndin um afríska einingu hafi ekki verið til á þessum tíma og á sama hátt litu íbúar Evrópu ekki á sig sem Evrópubúa heldur miðaðist sjálfsmynd þeirra við þjóðernishópa á tilteknum svæðum. Mikilvægt sé að hafa í huga að hugmyndir okkar um kynþátt og sjálfsmynd voru ekki þær sömu og þær eru í dag. Líklegt er að konungur Kongóríkisins hafi gert bandalag við Portúgala til að verjast óvinveittum nágroñnum og í framhaldi af því tekið óvinina til fanga og selt þá sem þræla í gullnámur akanfólksins.

Sögulegar heimildir staðfesta að það voru bæði afrísk ríki og einstakir verslunarmenn sem tóku þátt í þrælaversluninni. Spurningin er hvers vegna? Líklegasta svarið er að þrælaverslunin gat verið besta leiðin til að auðgast, ná völdum og verja sjálfan sig. Algengustu vörurnar, sem fengust í skiptum fyrir þræla, voru vefnaðarvarningur frá Indlandi, Norður-Afríku og Kína, áfengi (aðallega romm), járn og koparstangir, perlur, cowrie-skeljar (voru m.a. notaðar sem gjaldmiðill og skraut) og byssur. Því hefur verið haldið fram að Afríkumenn hafi verið plataðir til að skipta á þrælum og drasli. Nánari skoðun sýnir að svo var ekki. Evrópumönnum fannst t.d. ekki ábatasamt að versla með cowrie-skeljar sem komu frá Maldíveyjum. Það var þó ekki aðeins ásókn í tiltekna vörur sem fékk Afríkubúa

til að taka þátt í þrælaversluninni, heldur var hún líka leið til að losa sig við andstæðinga í baráttunni um völd. Konungur Beníns, sem var þekktur fyrir að vilja ekki taka þátt í þrælaversluninni, krafðist þess þó að evrópskir kaupmenn keyptu af honum pólitíska fanga sem skilyrði fyrir annarri verslun.

Sumir sagnfræðingar, sem leggja áherslu á að þrælalald hafi verið talið sjálf-sagt í Afríku og fólk þar hafi tekið þátt í versluninni, eru gjarnan ásakaðir um að vilja firra Evrópumenn ábyrgð á þátttöku sinni. Aðrir leggja áherslu á að þrælaverslunin sé fyrst og fremst verk Evrópumanna en frá þeim kom eftirspurnin. Það hafi sannanlega átt sér stað þrælaverslun áður en Atlantshafsverslunin hófst en sú þrælaverslun hafi ekki verið svo umfangsmikil. Auk þess hafi hún verið með allt öðrum hætti og nær væri að líkja henni við lénsskipulagið í Evrópu. Fólk hafi vissulega haft skert réttindi en ekki gengið kaupum og sölum á sama hátt og tíðkaðist í Ameríku. Hafa beri í huga að óháð þrælaversluninni í Afríku gengu þrælur áfram kaupum og sölu löngu eftir að þeir voru komnir til Ameríku og að nýjar hugmyndir um kynþætti mótuðust til að réttlæta þrælalaldið. Borgarastyrjöldin í Bandaríkjunum, sem lauk árið 1865, snerist um réttmæti þrælalalds en Suðurríkin byggðu efnahagslíf sitt á því. Í framhaldi af afnámi þrælalalds voru sett lög um aðskilnað kynþátta og það var fyrst árið 1954 sem aðskilnaðarlögin voru numin úr gildi þegar hæstiréttur lýsti því yfir að þau væru ósamrýmanleg bandarísku stjórnarskránni.

Bretar bönnuðu þrælaverslun einhliða árið 1807. Deilt er um hinar raunverulegu ástæður bannsins en því er gjarnan haldið fram að það hafi verið fyrst og fremst af mannúðarástæðum. Hin siðferðilega réttlætning þess að halda þræla var umdeild en auk þess vakti ill meðferð á þrælum andúð almennings á þrælalaldinu. Margir telja hins vegar að ástæðurnar hafi fyrst og fremst verið efnahagslegar. Bretar hafi ekki nýtt sér mikið vinnuafli þræla en bannið kom illa við helstu keppinauta þeirra vestanhafs. Vegna ört vaxandi iðnaðar í Evrópu, ekki síst í Bretlandi, jókst ásókn í hráefni eins og pálmaolíu, pálmakjarna til sápugetar, akasíulím til litunar, jarðhnetur og latexgúmmí. Eftirspurn eftir hefðbundnum vörum eins og gulli, fíllabeini og kryddi var stöðug. Þrælaverslun var talin trufla lögleg viðskipti og á tímabilinu 1830-1840 hættu Evrópumenn að nota þræla. Þessi nýja og aukna verslun krafðist þó aukins vinnuafli í Afríku sem oft var fengið með nokkurs konar þrælalaldi.

Afleiðingar þrælalaldsins fyrir Afríku hafa verið viðfangsefni fræðimanna. Þátttaka Afríkubúa í þrælaversluninni var forsenda þess að þeir fengju aðgang að

JÓNÍNA EINARSDÓTTIR

vopnum Evrópumanna sem síðan voru notuð til að vinna bug á andstæðingum. Deilt er um áhrif eldvopnanna. Því er jafnvel haldið fram að þær 20 milljónir af skotvopnum, sem voru seldar til Afríku á tímabilinu 1600-1850, hafi leitt til sundrunar og átaka. Talið er að þessi skipti hafi grafið undan valdi afrískra leiðtoga og valdið sundrunu, sérstaklega á svæðum þar sem þrælataka var umfangsmikil á seinni hluta 17. aldar. Þrátt fyrir að nokkuð hafi skort á gæði eldvopnanna, miðað við það sem síðar varð, hafi hugmyndin um að vera skotinn á færi og hinn mikli hávaði sem fylgdi, haft djúpstæð, sálfræðileg áhrif. Því hefur verið haldið fram að á seinni hluta 18. aldar hafi komist til valda svokallaðir stríðsherrar sem hafi í skjóli vopna komið sér upp verndarsvæðum á hliðstæðan hátt og einkennt hefur stríð í Vestur-Afríku undanfarna tvo áratugi.

Þrælar voru oftast en ekki karlmenn og telja sumir að þrælasalan hafi ekki aðeins styrkt fjölkvæni, heldur hafi í raun verið grunnur þess. Á sumum svæðum urðu eftir tvöfalt fleiri konur en karlar. Konur og börn voru tekin inn í ættir nýrra maka þar sem stór hluti karlmanna hafði verið hnepptur í þrældóm. Talið er að fækkun karlmanna hafi leitt til þess að konur sáu um meginhluta landbúnaðarframleiðslunnar og gera raunar enn. Konur urðu líka virkar í smásöluverslun en fjölkvæni er talið hafa átt þátt í að þær áttu heimangengt á meðan samkonur sinntu börnum og heimilisstörfum.

Margir telja að rætur fátæktar í Afríku megi rekja til þrælasölu og nýlendutímans. Þeir telja að hinn vestræni heimshluti hafi hagnast verulega á meðan Afríku blæddi. Kostnaðurinn var ekki aðeins lýðfræðilegur, þ.e. að ungt fólk, sérstaklega karlmenn, var tekið til fanga og flutt burt og margir dóu í stríðsátökum. Kostnaðurinn var einnig af félagslegum, pólitískum, efnahagslegum og menningarlegum toga þar sem stofnanir samfélaganna voru rifnar niður. Ekki aðeins áttu sér stað samskipti gegnum verslun heldur tóku Evrópumenn líka að setjast að í álfunni.

Átök á austurströndinni

Í Austur-Afríku urðu miklar breytingar á tímabilinu 1500-1850. Fyrst má nefna komu Portúgala. Árið 1485 sigldi portúgalski sæfarinn Bartholomeu Días suður eftir strönd Namibíu í leit að siglingaleið til Indlands og Prester John. Hann tók land við strönd Suður-Afríku á jóladag árið 1488, reisti þar stólpa til staðfestingar á komu sinni og nefndi staðinn Natal sem þýðir jól á portúgölsku. Hann náði ekki að sigla nógu langt til að kynna svahílífólkinu



Í prælahúsinu á Gore-eyju, Senegal, eru *dyr án endurkomu*. Þaðan voru þrælarnir um borð í skip og fluttir til Ameríku.

Ljósmynd: Geir Gunnlaugsson

en það gerðu þeir sem komu síðar. Vasco da Gama sigldi upp með austurströndinni og fann sér til mikillar undrunar borgir, byggðar úr steini, en borgir af því tagi var ekki að finna á vesturströndinni. Hann áttaði sig líka á að íbúarnir voru múslímar.

Verslunarhættir voru fremur frjálssir á Inlandshafinu og versluðu menn þar hver við annan án tillits til trúarbragða eða þjóðernis. Voru þar m.a. á ferðinni hindúar, múslímar, gyðingar og einstaka kristnir menn sem höfðu meiri áhuga á

JÓNÍNA EINARSDÓTTIR

verslun en trúboði. Virki, sem höfðu verið byggð, voru til að verjast sjóræningjum fremur en að halda öðrum verslunarmönnum frá viðkomandi höfn. Portúgalar voru öðru vanir þar sem verslun við Miðjarðarhafið einkenndist af því að herjum var beitt til að halda keppinautum í burtu.

Portúgölum tókst ekki vel upp við að byggja upp keisaradæmi í Afríku en samfara komu þeirra urðu miklar breytingar með fram strandlengju Austur-Afríku og eyðilegging. Þeir fóru með ránum og ofbeldi um borgirnar Sofala, Mombasa og Kilwa og komu sér fyrir á eyggi Zansibar. Þeir byggðu hervirki í þessum borgum. Soldáninn í Malindi sá sér hag í að gerast bandamaður Portúgala þar sem hann átti í deilum við félagi sinn í Mombasa og Portúgalar komu þar upp hervirkinu Port Jesus. Í staðinn lét soldáninn þeim eftir leiðsögumann til að vísa þeim veginn til Indlands. Þar náðu Portúgalar völdum á Góa. Með Góa sem miðstöð reyndu þeir, þó án mikils árangurs, að ná yfirráðum yfir versluninni yfir Indlandshafið. Sjálfir höfðu Portúgalar lítið að selja sem þótti eftirsóknarvert og sama er reyndar að segja um aðra evrópska verslunarmenn á 16. öld. Það er því rangt að halda því fram að Portúgalar hafi stjórnað Asíuversluninni á þessum tíma en umdeilt er hversu mikil áhrif þeir höfðu. Sagnfræðingar í sögu Asíu telja að þeir hafi aðeins verið eins og dropi í hafið í sögu Indlandsverslunarinnar. Afríkusagnfræðingar vilja hins vegar gera hlut þeirra stærri enda áhrif þeirra í Afríku eflaust veigameiri.

Portúgalar sigldu upp með fljótinu Zambesi allt að 650 km, og þar komu þeir sér upp búgördum og plantekrum til að framleiða landbúnaðarvörur. Þaðan stýrðu þeir líka verslun með flábein og þræla sem þeir gerðu að hermönnum til að verja hagsmuni sína. Þetta svæði varð síðar hluti af Mósambík sem fékk sjálfstæði árið 1975 eftir langt stríð við Portúgal. Að öðru leyti fóru þeir sjaldan frá ströndinni. Í borgunum, sem þeir hertóku, komu þeir upp leppstjórnnum. Í svahílí hafa verið tekin upp nokkur portúgólsk orð sem sumir telja að endurspegli lífsreynslu þeirra einstaklinga sem voru í þjónustu portúgólska hersins. Þetta eru orð yfir fangelsi, vændishús og hugtök tengd spilamennsku.

Í fótspor Portúgalanna komu arabar frá Óman. Þeir voru velkomnir til hinna herteknu borga svahílía og hröktu Portúgalana burt. Árið 1696 unnu þeir hervirkið Port Jesus í Mombasa og þar með lauk tæplega 200 ára hersetu Portúgala. Ómanar komu sér vel fyrir og stofnuðu eigið keisaradæmi, staðráðnir í að ná yfirráðum yfir versluninni við austurströnd Afríku. Þeir ráku stórar dödluplantekrur í Óman en dödlur þola vel þurrka og geymslu og því góðar til útflutnings. Þær

voru mikilvægar sem fæði kameldýra, sætindi fyrir fólk og samkvæmt hefð fyrsta fæða múslíma eftir föstuna. Ómanar gerðu Zansibar að miðstöð verslunar en þar eru góð hafnarskilyrði frá náttúrunnar hendi. Þeir kröfðust 5% skatts af öllum viðskiptum við austurströnd Afríku en Kilwa, sem hafði verið yfirgefin á tímum Portúgala, var endurreist sem verslunarborg. Sumir sagnfræðingar sjá þetta tímabil sem hrún svahílía en víst er að margir kaupmenn úr þeirra röðum sáu hlut sinn bættan með tilkomu Ómananna. Sumir þeirra héldu því fram að þeir ættu arabískar eða persískar rætur og töldu sig jafnvel afkomendur Múhameðs.

Á hæla Ómananna komu Bretarnir. Soldáninn af Óman sá sér loks best borgið með því að taka upp samvinnu við Breta og fluttist búferlum til Zansibar. Hann gerðist bandamaður Atkins Hamerton, fulltrúa breska Austur-Indíafélagsins, en hann réð yfir stærstum hluta Inlands og hafði eigin her. Bretar unnu að því á þessum tíma að stöðva þrælaverslunina en vegna áhrifa Ómana var hún í vexti í byrjun 19. aldar. Árið 1822 samþykktu Bretar að þrælaverslun væri leyfileg vestan svonefndrar Moresby-línu sem var ímynduð lína milli Mósambíks og Pakistans. Það gerði Ómönum kleift að flytja þræla frá austurströnd Afríku til Ómans og annarra markaða við Persaflóa en ekki til Inlands sem var undir stjórn Breta.

Bretar vildu hefta þrælasöluna enn frekar og svokölluð Hamerton-lína var samþykkt árið 1848 en samkvæmt henni var þrælalald eingöngu leyft innan yfirráðasvæða Ómana í Austur-Afríku. Ómanar byrjuðu því að rækta negul á plantekrum í Zansibar og Pemba sem er í Norður-Mósambík. Slík ræktun er mjög mannfrek og erfið og þeir notuðu þræla sem vinnuafl. Þótt Bretar væru andvígir þrælalaldinu var hins vegar ekkert sem kom í veg fyrir að afurðir þrælavinnunnar væru seldar á Inlandi eða í Evrópu. Þrælaverslunin hélt því áfram en í minna mæli þó og árið 1872 þvinguðu Bretar Ómana til að samþykkja lög sem bönnuðu þrælaverslun þannig að hvorki mátti selja þræla né flytja þá milli staða. Talið er að David Livingstone, skoskur læknir og trúboði, hafi haft áhrif á þessa ákvörðun. Hann ferðaðist víða um austur- og miðhluta Afríku og skráði ferðasögur sínar. Þótt Livingstone hafi ekki tekist að snúa mörgum til kristinnar trúar höfðu skrif hans um hinar ógnvænlegu afleiðingar þrælalalds og illmennsku araba mikil áhrif á almenningsálitið í Bretlandi.

Bretar létu mjög til sín taka við að stöðva sjóræningja og ólöglega þrælaverslun. Talið er að sérstakt greiðslufyrirkomulag hafi leitt til þess að sjóherinn

JÓNÍNA EINARSDÓTTIR

hagnaðist á því að flokka löglega verslun sem ólöglega. Auk þess réttlætti baráttan það að Bretar kæmu sér upp öflugum sjóher á Zansibar og styrktu þar með valdastöðu sína. Loks tóku Bretar yfir stjórn Zansibar og stofnuðu þar svokallað verndarsvæði árið 1890.

Með komu nýrra þátttakenda í versluninni missti yfirstétt svahílía völdin. Það átti ekki aðeins við um aðila sem komu sjóleiðina. Nyamwesimenn í Tansaníu opnuðu t.d. við upphaf 19. aldar mikilvæga verslunarleið fyrir fílabein frá Viktoríuvatni og Tanganykavatni til strandarinnar. Fílabein eru mjög þung og erfid í flutningi þar sem erfitt er að ná góðu taki á þeim en ungir menn unnu gjarnan fyrir brúðarverðinu með því að bera beinin til strandarinnar. Skipt var á beinum fyrir perlur og vefnað frá Norður-Ameríku. Engu að síður hélt svahílí stöðu sinni sem það tungumál sem útbreiddast er í Austur-Afríku. Það er aðal-tungumálið í Keníu, Tansaníu, Úganda, Rúanda, Búrundí og að hluta í Alþýðulýðveldinu Kongó, auk þess að vera mál verslunar og viðskipta með fram allri austurströndinni. Þrælaverslunin hefur fengið svo mikið vægi í sögulegum rannsóknum að fólks strandarinnar, svahílífólksins, er nær eingöngu minnst vegna þátttöku í henni.

Um miðja 19. öld voru samfélög Austur-Afríku í upplausn og ný samfélög í myndun. Á sama tíma og þörf fyrir þræla jókst óx einnig þörf fyrir hráefni til iðnvæðingarinnar í Evrópu og Norður-Ameríku. Það var mikil eftirspurn eftir fílabeini, gúmmíkvoðu í lökk, kókosnetukjörnum til sápu- og olíugerðar og húðum. Breytt framleiðsluform þessara vara og ný verslunartengsl til að koma þeim á markað höfðu afgerandi áhrif á lifnaðarhætti íbúanna. Með stórfelldu drápi á fílum opnuðust tækifæri til þróunar nýrra byggða í sveitum.

Samfélög í suðurhluta Afríku

Suðurhluti Afríku einkennist af mjög fjölbreyttu loftslagi. Namib-eyðimörkin er í flokki þurrustu staða jarðarinnar og nánast óbyggileg. Kalahari-eyðimörkin er ekki eins þurr og þar hafa safnarar og hirðingjar getað lifað af á ákveðnum svæðum. Í héraðinu Natal er mikil úrkoma og kjöraðstæður til ræktunar og nautgripahalds. Við Góðrvarnonarhöfða er Miðjarðarhafsluftslag og því þurfa íbúar þar ekki að berjast við erfiða hitabeltissjúkdóma sem herja víða í álfunni, innlendum sem aðfluttum til mikils ama.

Koma Hollendinga til Suður-Afríku árið 1652 var upphafið að umfangsmesta landnámi Evrópubúa í Afríku sem leiddi til þess að saga Suður-Afríku varð mjög

frábrugðin öðrum svæðum álfunnar. Hollenska Austur-Indíafélagið kom upp miðstöð við Góðrarvonarhöfða árið 1652. Ætlunin var að afla vista til áframhaldandi siglinga til Asíu. Sú varð þó ekki raunin þar sem íbúarnir stunduðu ekki landbúnað og nautgripahald. Þeir voru ýmist hirðingjar, sem nefndust koíkoíar (eða hottintottar), eða safnarar sem nefndust sanar (eða búskmenn). Þeir lifðu í hópum og fluttu sig auðveldlega milli staða. Þessir hópar gátu ekki eða vildu ekki selja nautgripi í því magni sem Hollendingarnir þurftu. Hollendingarnir byrjuðu því að taka sér land og stunda nautgriparækt en íbúarnir, sem voru þar fyrir, risu gegn því.

Hugmynd Evrópumanna var að íbúar svæðisins, og reyndar íbúar Afríku almennt, lifðu í skýrt afmörkuðum hópum sem kölluðust ættflokkar. Talið var að þessir ættflokkar ættu í stöðugum styrjöldum sem væru byggðar á aldagömlu hatri fremur en rökréttum ástæðum eins og þeim sem höfðu hrundið styrjöldum Evrópumanna af stað. Það væri ekki bara munur milli hvíttra og svartra heldur einnig milli einstakra ættflokka. Nánari skoðun sýnir að þetta er ekki rétt. Skil milli mismunandi hópa eru oft óskýr og sjálfsmýnd þeirra breytist stöðugt. Í raun virðast ættflokkar Suður-Afríku vera sköpun 19. aldar. Það er t.d. ljóst að þegar koíkoíar misstu nautgripi sína kölluðu þeir sig sana og á sama hátt þegar sanar eignuðust nautgripi nefndust þeir koíkoíar.

Koíkoíar og sanar stunduðu ekki landbúnað. Skýringuna er að finna í hinu sérstæða loftslagi, þ.e. Miðjarðarhafsloftslaginu, en þær nytjaplöntur, sem þrífast best í slíku loftslagi, voru ekki fyrir hendi. Vínþrúgur og hveiti þrífast í Norður-Afríku en það er um 10 000 km vegalengd á milli Norður- og Suður-Afríku. Hollendingar tóku að stunda landbúnað á sama svæði og koíkoíar notuðu fyrir beitarnland. Þessir hollensku bændur, sem nefndust búar, framleiddu hveiti, vín og kjöt. Þeir héldu þræla sem flestir komu frá Madagaskar og í minna mæli frá Indónesíu. Þeir höfðu líka koíkoía í vinnu og áttu gjarnan börn með koíkoíkonum. Afkomendur þeirra flokkuðust sem litaðir í anda aðskilnaðarstefnu þeirrar sem síðar var komið á en samkvæmt henni var gerður skýr greinarmunur á uppruna fólks og blöndun mismunandi kynþátta bönnuð. Sjálfir kölluðu afkomendur búar og koíkoía sig bastarða. Trúboðarnir völdu að kalla þá grikva sem átti að vitna um tilbúinn ættföður og er það ágætt dæmi um hvernig nýir ættflokkar voru búnir til í samræmi við fyrrnefnda hugmyndafræði um aðskilda ættflokka.

Búarnir og afkomendur þeirra fluttu sig inn í land og tóku yfir þau svæði sem hentuðu til ræktunar. Þeir búar sem fluttust inn á þurrari svæði með nautgripi

JÓNÍNA EINARSDÓTTIR

sína urðu að flytja sig til eftir árstíðum eins og koíkoíar gerðu. Þeir voru kallaðir trekboers. Þeir höfðu hesta, vagna og byssur og höfðu því hernaðarlega yfirburði. Margir þeirra tóku sér fasta búsetu þegar þeir fundu heppilegt land. Bastarðarnir, eða grikvarnir, voru í reynd líka trekboers þótt þeir hafi seinna verið taldir hafa rangan litarhátt samkvæmt aðskilnaðarstefnunni. Þessir landvinningar leiddu til þess að koíkoíum ýmist dóu eða urðu þrælar hinna búföstu. Við lok 17. aldar lauk þessari fyrri innrás búa í Suður-Afríku.

Seinni innrás búanna einkenndist af komu Breta árið 1805 en þeir tóku þá yfir stjórn Höfða. Þetta var á tímum baráttunnar gegn þrælasölunni og leiddi til þess að Bretar voru andsnúnir búum sem héldu þræla og réttlættu það með trúarlegum rökum. Talið hefur verið að þessi andstaða hafi leitt til þess að búarnir fluttust frá Höfða. Nýrri rannsóknir benda þó til þess að skortur á landi hafi ráðið þar mestu. Búarnir fluttu sig nú inn á svæði þar sem fyrir var fólk sem hafði fasta búsetu, en áður höfðu þeir aðeins hitt fyrir hirðingja og safnara. Þarna bjuggu hópar fólks sem voru bændur og töluðu bantúmál. Þeir notuðu verkfæri og vopn úr járn og héldu nautgripi og frá upphafi 18. aldar ræktuðu þeir hirs og maís. Þjóðfélagsskipanin var hervætt ríkisvald sem byggðist á stofnun sem nefnd hefur verið aldurshópaflökkun. Deilt hefur verið um aldur þessara ríkja en margt bendir til að þau hafi ekki verið ný.

Þessi ríki áttu nokkra áhrifamikla leiðtoga. Meðal þeirra var Shaka en hann var stofnandi ríkis súlúa á fyrri hluta 19. aldar. Bretar töldu Shaka vera haldinn hinu „innfædda villta eðli“ Afríkumanna og sögðu hann hafa stofnað til ófriðar sem nefndur var *mfecane* sem þýðir útrýming eða þjóðarmorð. Þeir sögðu hann hafa drepið yfir milljón manns í norðvesturhluta núverandi Suður-Afríku og því hafi svæðið verið mannlaust þegar Evrópumenn komu þangað og námu land. Bent hefur verið á að enginn veit hversu margir létust vegna átakanna en að baki þeim lágu ýmsar ástæður. Það voru t.d. miklir þurrkar og hungursneyð ríkti á þessu svæði. Sennilega leiddi ræktun á maís til fólksfölgunar á svæðinu, en hann gefur meiri arð við hagstæðar aðstæður en hirs sem var ræktað áður. Maís þolir hins vegar síður þurrka og því varð hungursneyð í kjölfar þurrkatímabils. Því er jafnvel haldið fram að það hafi í raun ekki verið meira um stríðsátök en venja var, þ.e. að ekkert *mfecane* hafi átt sér stað. Hafi Bretar komið að mannlausu svæði hafi það sennilega verið graslendi hásléttunnar þar sem búseta var árstíðabundin. Árið 1828 var Shaka myrtur af bróður sínum Dingane og það var hann sem mætti búunum í framrás þeirra í þeim hluta Suður-Afríku sem kallast KwaZulu-Natal.

Mzilikazi er annar leiðtogi þessa tíma. Hann var sennilega súlúi sem var í samfloti við Shaka en milli þeirra urðu vinslit. Hann flutti því norðvestur að enda hásléttunnar ásamt um tvö hundruð fylgismönnum. Í kjölfar þurkanna miklu, sem hófust árið 1825, byrjaði Mzilikazi að byggja upp ríki sem nefndist Ndebele og hann veitti fólki vernd gegn árásum grikva að vestan og súlúa að austan. Allir, sem völdu að vera undir hans vernd, urðu að taka upp siði súlúa og læra tungumál þeirra, nguni. Mzilikazi kallaði fólk sitt súlúa þó svo að uppruni þess væri mismunandi. Ríki Mzilikazis er því dæmi um fólk af mismunandi uppruna sem sameinaðist undir heitinu súlúar, samtímis sem aðrir súlúar voru verstu óvinir þeirra.



Fjallasýn í Malaví.
Ljós.: Gunnar Salvarsson

Um 1830 fluttist ríki Mzilikazis til Zimbabves undan árásum manna Dinganes, sem voru súlúar, að austan og búa og grivka að vestan. Í Zimbabve kallaðist fólk Mzilikazis ndebele og þannig varð til enn nýr ættflokkur.

Moshoeshe var stofnandi Lesótós en eins og Mzilikazi veitti hann skjólstaðingum sínum vernd á ófriðartímum. Moshoeshe var talinn vera mikill diplómat og samdi hann við trúboða um að koma til ríkis síns þó að hann tæki ekki sjálf-

JÓNÍNA EINARSDÓTTIR

ur kristna trú. Hann átti í viðskiptum við Evrópumenn og tókst að komast yfir hesta og byssur auk teppa en það var mikilvægt þar sem fólk í ríki hans tók sér búsetu í fjallendi sem var nánast óbyggt vegna kulda. Moshoeshoe var leiðtogi sem tókst að verja ríki sitt þegar önnur ríki í nágrenninu féllu í innrásum búa.

Í seinni innrás búanna áttu sér stað blóðug átök við þá sem bjuggu fyrir á svæðunum sem voru hertekin. Í febrúar árið 1838 báðu búarnir til Guðs og hétu því að halda daginn heilagan ef þeir ynnu sigur á her súlúa. Nokkrum dögum seinna varð orrustan við Blóðfljótið. Hestar, byssur og fallbyssur búanna urðu til þess að súlúar féllu í hrönnum og áin varð blóði drifin. Dingane var drepinn á flótta og þar með var stærsti hluti svæðisins í höndum Evrópumanna. Áður, eða árið 1835, höfðu Bretar og búar unnið sigur á xhosum sem sættu sig illa við yfirráð þeirra. Árið 1846 felldi hópur xhosa herlið sem flutti sakamann sem hafði verið ásakaður um að hafa stolið öxi. Árásarmennirnir flúðu inn á svæði xhosa og foringjar þess neituðu að afhenda þá. Þetta leiddi til svokallaðs axarstríðs sem lauk með sigri Breta. Fram undan voru erfiðir tímar hjá xhosum þar sem lungnasjúkdómur lagðist á nautgripi og drap þá og því fylgdi mikil hungursneyð.

Bretar leyfðu færri en vildu að taka sér búsetu í landi xhosa. Því héldu margir búar yfir fljótið Orange í leit að landi. Árið 1845 viðurkenndu Bretar tvö óháð lýðveldi búa, þ.e. Orange Free State og Transval. Þar spratt upp grein þjóðernis-
hyggju sem lagði grunninn að hugmyndafræði aðskilnaðarstefnunnar. Búar litu á sig sem Guðs útvöldu þjóð sem hafði unnið sigur á Bretum. Þeir voru ekki fátækir bændur í leit að landi heldur þjóð sem hafði flúið undan kúgun breskra yfirvalda í Höfða og þar á undan trúarofsóknum í Evrópu en þeir voru landflótta kalvínistar og húgenottar. Tungumál þeirra, afríkanska eða afrikaans, varð þeirra sameiningartákn, en það er afbrigði af hollensku með tökuorðum úr ýmsum afrískum tungumálum sem áttu rætur meðal litaðra í Höfða. Búar lögðu engu að síður fljótlega áherslu á aðskilnað sinn frá lituðum og skyldu aðeins hvítir teljast fullgildir borgarar í lýðveldum þeirra. Allt breyttist þó þegar demantar fundust í Orange Free State og gull í Transval eftir 1880 en þá fluttist þangað fólk sem flest var enskumælandi. Bretarnir töldu það rétt sinn að verja þessa meðborgara sína. Þeir náðu yfirráðum yfir lýðveldum búa eftir sigur í Búastríðunum árin 1899-1902.

Nýlendumtíminn (1880-1950)

Berlínarfundurinn og hernám Afríku

Eftir 1870 hófu Evrópuríkin að leggja undir sig tiltekin landsvæði í Afríku fremur en að berjast um yfirråd yfir verslunarstöðum og -leiðum. Vegna iðnvæðingarinnar varð æ mikilvægara að hafa yfirråd yfir náttúruauðlindum. Stór hluti Suður-Afríku hafði verið undir beinum yfirráðum Evrópumanna í meira en tvær aldir áður en hið eiginlega hernám Afríku varð að veruleika. Frakkland hafði vissulega náð yfirráðum yfir Alsír upp úr 1830 en engu að síður var stærsti hluti álfunnar enn undir afrískri stjórn þar til um 1880. Formleg, evrópsk stjórn var aðeins ráðandi í Afríku í u.þ.b. einn mannsaldur þar sem flest ríki Afríku fengu sjálfstæði upp úr 1950. Það voru ekki aðeins íbúar Afríku sem létu í minni pokann fyrir nýjum vopnum heldur einnig íbúar Asíu. Leiðir til að ná yfirráðum voru breytilegar. Frakkar og Bretar náðu yfirráðum á svæðum þar sem þeir höfðu stundað verslun í meira en heila öld á meðan Þjóðverjar og Belgar höfðu haft lítil sem engin samskipti við þau svæði sem þeir hertóku.

Árið 1877 komst landkönnuðurinn Henry Morton Stanley að uppsprettu Kongófljóts. Evrópumaður, og ekki síst Leópold Belgakonungur, sáu að hér var afar mikilvæg flutningaleið fyrir verðmætar afurðir. Á fyrri hluta níunda áratugar 19. aldar kepptu Frakkar og Belgar um yfirråd yfir svæðunum með fram fljótinu. Samtímis kepptu evrópsk ríki um yfirráðaréttinn yfir einstökum svæðum Afríku. Mikilvægustu ríkin voru Bretland, Frakkland, Belgía og Þýskaland. Portúgal krafðist réttar sem byggðist á ferðum þeirra um álfuna frá því á 15. öld. Spánn og Ítalía höfðu minni áhrif. Fulltrúar allra þessara ríkja hittust á svonefndum Berlínarfundi (1884-1885) þar sem þau skiptu með sér álfunni. Hver sá sem gerði kröfu til svæðis varð að sanna nærveru sína þar með því að leggja fram undirritað skjal frá afrískum stjórnvöldum staðarins henni til staðfestingar ef ekki var um beina hernáðarlega yfirtöku að ræða. Því voru afrískir leiðtogar narraðir til að skrifa undir samninga. Dæmi um slíkt er þegar konungur ndebelemanna, Lobengula, gaf breska verslunarmanninum Cecil Rhodes og fyrirtæki hans árið 1888 rétt yfir því svæði sem í dag er Zimbabve. Lobengula mótmælti yfirtökunni seinna en án árangurs.

Það voru tvær meginástæður fyrir því að afrískir ráðamenn misstu völdin. Evrópumaður, sem höfðu stundað verslun á svæðinu lengi, nýttu sér í fyrsta lagi hina fornu aðferð að deila og drottna. Í öðru lagi gerði iðnbyltingin þeim kleift að ná völdum víða um heim, ekki aðeins í Afríku. Henni fylgdu tveir þættir sem

JÓNÍNA EINARSDÓTTIR

réðu úrslitum: annars vegar þróun lyfja gegn malaríunni og hins vegar framleiðsla betri vopna. Árið 1847 birti breskur læknir grein í læknariti þar sem því var haldið fram að kínín hefði hugsanlega verndandi áhrif gegn malaríu. Í kjölfarið var kínín framleitt í stórum stíl en það minnkaði verulega hættuna sem stafaði af malaríunni. Hríðskotabyssan var hin uppgötvunin sem breytti stöðu mála. Hún gerði litlum hópi Evrópumanna kleift að hertaka heilu landsvæðin. Við upphaf 19. aldar höfðu þeir litla sem enga tæknilega yfirburði, en við lok hennar voru ný vopn mikilvægasta tækniþróunin og með þeim náðu þeir hernaðarlegum yfirburðum. Sala þessara vopna til Afríkubúa var stranglega bönnuð samkvæmt samningi, staðfestum í Brussel árið 1890.

Evrópumenn mættu andstöðu við hernám Afríku en þar sem bardagar áttu sér stað voru þeir oftast auðunnir vegna hernaðarlegra yfirburða. Árið 1898 drap t.d. breski herinn um 20 þúsund uppreisnarmenn við Omdurman í Súdan á nokkrum klukkustundum. Það tók aftur á móti Frakka mörg ár að vinna Mandinkaríki Samory Tourés í Vestur-Afríku. Erfiðast var að ná yfirráðum yfir samfélögum sem höfðu ekki miðstýrt vald og voru ekki hluti skipulagðra ríkja. Þar þurfti að vinna hvert þorp fyrir sig. Gínea-Bissá er gott dæmi um þetta. Portúgalar náðu fljótlega yfirráðum yfir þeim hópum sem voru skipulagðir í miðstýrðu konungsríki en það tók áratugi að ná stjórn á öðrum hópum, t.d. íbúum Bijagóeyjanna. Víða vissi fólk til sveita ekki að evrópskt ríki hafði yfirráð yfir þeim á pappírnum.

Norður-Afríka varð evrópskt yfirráðsvæði fyrr en svæðin sunnan Sahara. Bretar hertóku Egyptaland árið 1882, Frakkar hertóku Alsír og Túnis en Marokkó tókst að halda sjálfstæði sínu þar til árið 1912. Margir Frakkar fluttu til Norður-Afríku og snemma á 20. öld voru mótmæli gegn hersetu þeirra tíð.

Um aldamótin 1900 var nánast öll Afríka hluti yfirráðsvæða evrópskra nýlenduríkja. Í kjölfar þess að þrælaverslun var bönnuð hafði hópur þræla verið fluttur til Freetown í Síerra Leóne og þar stofnuðu þeir nýtt samfélag. Margir þeirra, sem voru frelsaðir, voru kristnaðir og sneru til samfélaga sinna sem trúboðar, t.d. Samuel Ajayi Crowther sem varð fyrsti biskup biskupakirkjunnar í Vestur-Afríku. Um 15 þúsund frelsingjar frá Bandaríkjunum stofnuðu lýðveldið Líberíu árið 1847. Með stuðningi Bandaríkjanna náðu þeir undir sig stærra svæði og mynduðu nokkurs konar yfirstétt. Í Eþíópíu varð Menelik II. keisari árið 1889. Her hans, sem var öflugur og réði yfir evrópskum vopnum, náði undir sig svæðum í suðri, austri og vestri en þar bjuggu oromo- og sídamamenn og

sómalar. Ítalir höfðu náð Eritreu frá Ottamanveldinu seinni hluta árs 1880 og þeir réðust inn í Eritreu árið 1895 og tóku yfir stjórn landsins ári síðar. Síerra Leóne varð nýlenda Breta árið 1896 og á tímum fyrri heimstyrjaldarinnar (1914-1918) voru því Eþíópía og Líbería einu sjálfstæðu ríkin í Afríku.

Nýlendustefnan

Baráttan um Afríku í kjölfar Berlínarfundarins á árunum 1884-85 var vendipunktur í sögu álfunnar. Á örskömmum tíma höfðu Evrópumenn náð hernaðarlegum yfirráðum ekki aðeins í Afríku heldur einnig yfir víðfedmum svæðum í Asíu. Deilt er um hvað það var sem lá að baki þessu mikla hernámi.

Snemma á 20. öld var röksemdafærsla nýlenduveldanna sú að það væri siðferðileg skylda þeirra að siðvæða Afríku og önnur svæði utan hins vestræna heims. Fulltrúar nýlenduveldanna, sérstaklega Bretar, sögðust vera komnir til að frelsa íbúana frá þrælahaldi og styrjöldum. Það væri skylda hins hvíta kynþáttar, sem væri öðrum æðri, að breiða út menningu sína og trúarbrögð til þeirra sem væru óæðri og jafnvel frumstæðir og villtir. Rithöfundurinn og ljóðskáldið Joseph Rudyard Kipling bjó til hugtakið „byrði hvíta mannsins“ en samnefnt ljóð eftir hann birtist árið 1899. Kipling, sem fékk bókmenntaverðlaun Nóbels árið 1907, fæddist í Bombay á Indlandi en var breskur að ætt. Hann er einkum frægur fyrir sögurnar um Mógí í Frumskógarbókinni. Kipling var talsmaður heimsvaldastefnunnar og í ljóðinu *Byrði hvíta mannsins* hvetur hann Evrópumenn til að leggja sitt af mörkum til að siðvæða þá sem eru „að hálfu djöflar og að hálfu börn“.

Efnahagslegar ástæður hafa einnig verið nefndar sem orsök nýlenduvæðingar evrópskra ríkja. Það var þörf fyrir markaði fyrir iðnaðarvörur Evrópu auk þess sem ásókn í pálmaolíu, bómull, gúmmí og málma var mikil. Á síðustu áratugum 19. aldar kom t.d. í ljós að í suðurhluta Afríku voru verðmætar gull- og demantánámur. Snemma á 20. öld var hafist handa við að byggja vegi, járnbrautir og hafnir til að koma þessum hráefnum úr landi. Járnbrautir voru byggðar með nauðungarvinnu og var byggingarfyrirtækjunum oft borgað með landi eða aðgangi að námum. Land með fram lestarbrautunum jókst í verðmæti því að það var notað til ræktunar á útflutningsafurðum og var því eftirsótt til búsetu hjá fólki af evrópskum uppruna, t.d. hálendi Keníu. Það gekk erfiðlega að fá innlenda til að byggja lestarbrautina frá Úganda til Mombasa og Indverjar voru því fluttir inn í því skyni, en þeir settust margir að í Keníu og tóku að stunda smá-

JÓNÍNA EINARSDÓTTIR

vöruverslun. Járnbrauta- og vegakerfi Afríku ber enn merki þess vegakerfis sem var byggt upp á nýlendutímanum en það einkennist af því að allar flutningsleiðir innan hve­rrar nýlendu enda við útflutningshöfn. Vegasamgöngur milli landa voru mjög erfiðar.

Evrópsk fyrirtæki sáu oftast um að nýta auðæfi Afríku og beittu þau gjarnan hrottafullum aðferðum til að ná markmiði sínu. Í Belgísku Kongó (núverandi Alþýðulýðveldinu Kongó) var þvingunarvinnu beitt til að safna gúmmí en landið var í einkaeign Leopolds Belgakonungs frá árinu 1885 til ársins 1908 þegar belgíska ríkið tók yfir stjórn nýlendunnar. Verkamennirnir voru pyntaðir reglulega og jafnvel aflimaðir ef þeir uppfylltu ekki fyrirskipaðan framleiðslukvóta. Það var markmið nýlendustjórnanna að rekstur nýlendnanna stæði a.m.k. undir kostnaði. Mikill meirihluti íbúa Afríku lifði af sjálfsþurftarbúskap og því ekki auðvelt um vik með skattlagningu. Tilraun var gerð með svokallaðan kofaskatt sem byggðist á því að greiða átti skatt fyrir hvern kofa. Það leiddi til þess að byrjað var að byggja stærri hús. Þá var gripið til þess að skattleggja hvern einstakling og á Zansibar var t.d. greiddur skattur af hverjum bát.

Skattlagning var leið til að fá innfædda til að taka þátt í launavinnu og framleiðslu útflutningsvara. Þetta átti sérstaklega við þar sem voru margir evrópskir landnemar eins og í Keníu, Ródesíu og Suður-Afríku. Til að afla tekna til að borga skattinn varð fólk að ráða sig til starfa á evrópskum búgörðum eða vinna í námum. Karlar voru gjarnan ráðnir með lág laun en eiginkonur urðu eftir í sveitahéruðunum og sáu fyrir börnum og öldruðum með landbúnaðarvinnu. Það leiddi til mikillar fátæktar til sveita og konur reyndu oft að fylgja mökum sínum til borganna og unnu þar við það sem til féll. Bændur byrjuðu að rækta afurðir sem voru eftirsóttar til útflutnings, t.d. jarðhnetur, pálmaolíu, kakó og bómull. Á sama tíma dróst saman framleiðsla á matvælum fyrir heimamarkað og eigin neyslu.

Stjórnskipan í nýlendunum var mismunandi. Fór það eftir því hverjir voru nýlendu­herrar og hver fjöldi Evrópumanna var sem flutti til nýlendunnar frá móðurlandinu. Gjarnan er gerður greinarmunur á beinni og óbeinni stjórn­skipan. Þar sem var bein stjórnun höfðu evrópskir starfsmenn nýlendustjórnarinnar umráð með stjórnunareiningum í einstökum héruðum nýlendnanna. Óbein stjórnun einkenndist hins vegar af því að innlendir aðilar sáu um stjórn­­sýsluna á lægri stigum hennar. Bein stjórnun er gjarnan talin hafa einkennt franska nýlendustefnu meðan bresk nýlendustefna studdist oft, en ekki alltaf,

við óbeina stjórnun. Nígería og Botsvana eru dæmi um lönd þar sem óbein stjórnun var við lýði og Senegal er dæmi um land þar sem bein stjórnun ríkti. Þeir sem beittu beinni stjórnun urðu engu að síður að koma sér upp stuðningi út í héruðum nýlendnanna. Því útnefndu frönsku, belgísku og portúgölsku nýlendustjórnirnar innlenda héraðshöfðingja sér til aðstoðar. Þeir nýttu sér gjarnan stöðu sína til að styrkja völd sín og safna auði. Munurinn á þessum stjórnunarformum er oft talinn minni nú orðið en áður var þar sem bæði kerfin studdust að einhverju leyti við samvinnuþýða aðila í nýlendunum. Óbein stjórnun er þó gjarnan talin hafa leitt til aukinnar sundrungar milli einstakra þjóðernishópa, t.d. í Nígeríu.

Eins og kemur fram hér að framan reyndist erfiðast að ná yfirráðum yfir hópum sem voru ekki undir stjórn miðstýrðs valds. Þar sem innlendir leiðtogar voru ekki fyrir hendi voru þeir oft búnir til. Þess eru líka dæmi að síðir voru skapaðir til að sýna fram á aldalanga hefð fyrir yfirráðum þessara svokölluðu „hefðbundnu“ leiðtoga, sem voru í raun nýir, og eins og aðrir samstarfsaðilar nýlenduherranna nýttu þeir sérstöðu sína til að auðgast og styrkja völd sín. Hvort sem nýlendustjórnunin var bein eða óbein voru tengslin við móðurlandið aðalatriðið og markmiðið var ekki að koma upp sjálfstæðu þjóðríki. Hugmyndin um síðvæðingu íbúa nýlendnanna endurspeglast í hugtakinu aðlögun en það einkenndi fyrst og fremst franskar, portúgalskar og belgískar nýlendir þar sem beinni stjórnun var beitt. Nýlendurnar skyldu vera hluti af heimsveldi viðkomandi móðurríkis og smátt og smátt yrðu íbúarnir að fullgildum, síðvæddum ríkisborgurum þess. Því voru einstaklingar, sem gátu sýnt fram á gott vald á tungumáli og menningu nýlenduþjóðarinnar og höfðu tekið kristna trú, flokkaðir sem aðlagðir og fengu stöðu ríkisborgara í eigin landi en því fylgdu aukin réttindi.

Dæmigerðar nýlendir með áberandi hóp hvíttra landnema voru bresku nýlendurnar Kenía, sérstaklega hálandið, Suður-Ródesía og Suður-Afríka, auk frönsku nýlendunnar Alsírs. Þessi svæði eru mjög frjósöm og heppileg til að stunda landbúnað með svipuðu sniði og í Evrópu. Þar sem margir Evrópumenn höfðu komið til nýlendunnar var þeim gjarnan úthlutað besta landinu og þeim tryggð sérstök réttarstaða gagnvart innfæddum. Í Keníu var heimamönnum t.d. bannað að rækta te og arabíkakaffi.

Í kjölfarið á banni við innflutningi ólæsra til Bandaríkjanna árið 1917 fengu þúsundir Portúgala fjárhagslega aðstoð frá stjórnvöldum í Lissabon til að flytja til nýlendnanna. Margir þessara innflytjenda voru landlausir og fátækir bændur

JÓNÍNA EINARSDÓTTIR

sem voru ólæsir og óskrifandi. Eins og fyrr á öldum blönduðust Portúgalar meira íbúum nýlendnanna en aðrir Evrópumenn gerðu. Því er oft haldið fram að nýlendustjórn Portúgala hafi einkennst af minni kynþáttafordómum en hjá öðrum nýlenduvelldum. Hvað sem því líður urðu íbúar nýlendnanna að aðlagast portúgölskum lífsháttum, þ.e. að siðvæðast samkvæmt skilningi nýlendu-herranna, til að teljast fullgildir ríkisborgarar í eigin landi. Til að teljast aðlagðir urðu heimamenn að geta sýnt fram á þekkingu sína í portúgölsku, snúast til kaþólskrar trúar og hafa portúgalskt nafn. Auk þess var gerð krafa um að þeir borðuðu með hníf og gaffli og gengju í skóm að hætti Evrópubúa. Aðeins þeir sem voru aðlagðir höfðu rétt á að senda börn sín í skóla, stofna fyrirtæki og stunda verslun. Varð Portúgölum ekki vel ágengt við siðvæðinguna en samkvæmt manntali árið 1955 voru 4500 af sex milljónum Mósambíka skráðir sem siðvæddir. Aðeins 7% mósambísku þjóðarinnar var læs og skrifandi þegar landið fékk sjálfstæði árið 1975. Þá höfðu aðeins um 40 Mósambíkar tekið háskólapróf.

Uppreisnir, átök og sjálfstæðisbarátta

Uppreisnir gegn nýlendustjórnunum urðu víða, þó helst þar sem land var tekið eignarnámi og þar sem nauðungarvinna og skattlagning einkenndist af mikilli hörku. Meiri háttar uppreisnir með það að markmiði að losna undan ánaud nýlendustefnunnar voru t.d. gerðar í Ródesíu (1896-1897), á yfirráðasvæðum Þjóðverja í Suðvestur-Afríku (núverandi Namibíu, 1904-1907) og Austur-Afríku (Tansaníu, 1905-1907). Nýlendustjórn Þjóðverja í Suðvestur-Afríku var grimmileg en þar hófst skipuleg útrýming á hereróum og nömum. Áætlað er að þeim hafi fækkað um 75% á tímabilinu 1904-1907. Fjöldamorð þessi eru enn í fersku minni afkomenda þeirra sem lifðu af en þau hafa ekki fengið alþjóðlega umfjöllun.

Nýlendustefnan í Suður-Afríku var sérstaklega harkaleg. Bretar stjórnðu landinu eftir að hafa unnið sigur á lýðveldum búa. Árið 1910 stofnuðu Bretar Suður-Afríkusambandið og fengu aðeins hvítir, Bretar og Búar, fullan ríkisborgararétt. Í kjölfarið varð aðskilnaðarstefnan stöðugt harðari og afrískum íbúum landsins var vísað til svokallaðra heimalanda sem voru aðeins 13% af heildarlandsvæðinu. Fengu þeir aðeins að koma inn á svæði hvíttra væru þeir ráðnir þar til vinnu. Aðskilnaðarstefnan var lögfest árið 1948 og hún var í gildi til ársins 1994.

Auk stríðsátaka við nýlendustjórnirnar dróst Afríka inn í átök milli evrópskra ríkja. Fyrri heimsstyrjöldin (1914-1918) fékk heiti sitt af því að nýlendar evrópskra ríkja urðu hluti af vígvellinum. Auk þess voru nokkur hundruð þúsund manns frá afrísku nýlendunum ráðnir sem hermenn og aðstoðarfólk við stríðsrekstur utan álfunnar. Mikil stríðsátök urðu í þýsku nýlendunum en þær féllu að lokum í hendur bandamanna sem skiptu þeim á milli sín.

Bretar, Þjóðverjar og Ítalir háðu orrustur í eyðimörkum Líbíu og Túnis fram til ársins 1934. Fasistastjórn Ítala hertók Eþíópíu árið 1936 með loftárásum og eiturgasi. Keisarinn, Haile Selassie, fór í útlegð og honum tókst ekki að fá stuðning fyrr en Ítalía lýsti stríði á hendur Bretum árið 1940. Með aðstoð Breta og sjálfboðaliða víða frá Afríku tókst að hrekja Ítali burt og Haile Selassie tók aftur við stjórninni. Seinni heimsstyrjöldin (1939-1945) var mikill örlagavaldur fyrir íbúa Afríku. Þó voru Norður-Afríka og Eþíópía einu svæðin innan álfunnar þar sem barist var. Afrískir sjálfboðaliðar breskra og franskra nýlendna tóku þátt í stríðinu bæði í Evrópu og Asíu. Afrískir stuðningsmenn Vesturveldanna í stríðinu vildu vinna gegn nasistum sem voru ekki aðeins talsmenn heimsvaldastefnu heldur einnig talsmenn arískrar kynþáttahyggju.

Talið er að áhrif seinni heimsstyrjaldarinnar í Afríku hafi fyrst og fremst verið stjórn málalegs og sálfræðilegs eðlis. Frelsun Eþíópíu hafði mikil áhrif á vaxandi millistétt afrískra menntamanna. Stríðið hafði unnist í nafni frelsis. Allt frá Alsír til Gana og Suður-Afríku spruttu upp sjálfstæðishreyfingar. Hér gegndu trúboðsskólar líka stóru hlutverki. Við hernám Afríku fylgdu nýlenduherirnir gjarnan í fótspor trúboðanna sem voru fyrstir á staðinn og greiddu götu þeirra. Samtímis voru það trúboðarnir sem gerðu afrískum einstaklingum fært að komast til mennta og áttu þannig sinn þátt í að skapa þann hóp menntamanna sem síðar gegndi úrslitahlutverki í baráttunni fyrir sjálfstæði nýlendnanna. Þekking þeirra á hugmyndafræði nýlenduheranna um siðvæðingu og réttlátt samfélag nýttist þeim til að færa rök fyrir eigin sjálfstæði.

Hreyfingin fyrir einingu Afríku á rætur í hernámi álfunnar undir lok 19. aldar. Fyrsta ráðstefna hennar var haldin í London aldamótaárið 1900 og þær næstu voru í París (1919), London og Brussel (1921), London og Lissabon (1923) og í New York (1927). Ráðstefnurnar sóttu svartir menntamenn frá Norður-Ameríku og Vestur-Indíum en þær voru skipulagðar af William Edward Burghardt Du Bois (1868-1963) sem var einn helsti baráttumaður fyrir réttindum svartra í Bandaríkjunum. Í fyrstu var sett fram krafa um aukna

JÓNÍNA EINARSDÓTTIR

sjálfstjórn nýlendnanna í Afríku og blöndun kynþátta, en þegar samtök afrískra menntamanna sameinuðust hreyfingunni í fyrsta sinn í London árið 1944 var sett fram krafa um fullt sjálfstæði. Ári seinna, á sjöttu Afríkuráðstefnunni sem var haldin í Manchester, voru mættir nokkrir af verðandi leiðtogum afrískra ríkja eins og Jomo Kenyatta frá Keníu, Kwame Nkrumah frá Gana, Samuel Ladoke Akintola frá Nígeríu, Wallace Johnson frá Síerra Leóne og Ralph Armattoe frá Tógó.

Eftir seinni heimsstyrjöldina höfðu nýlenduvelðin Frakkland og Bretland ekki mátt til að standa gegn kröfum um sjálfstæði. Líbía fékk sjálfstæði árið 1951 og árið 1956 urðu Marokkó, Súdan og Túnis sjálfstæð ríki án þess að til átaka kæmi. Annað gildi um Alsír en þar bjó stór hópur Frakka sem bardist gegn sjálfstæði. Eftir blóðugt stríð varð Alsír sjálfstætt ríki árið 1962. Stjórn Egyptalands frá árinu 1922, sem var vinveitt Bretum, var steipt af stóli með herbyltingu árið 1952 sem Gamal Abdel Nasser stýrði. Í kjölfarið var land gert upptækt og afhent bændum og Súesskurðurinn þjóðnýttur.

Í Afríku sunnan Sahara voru Frakkar fyrstir til að veita nýlendum aukið sjálfræði, fyrst með kosningu fulltrúa í stjórnir nýlendnanna og síðar öðluðust nýlendurnar sjálfstæði. Náin efnahagstengsl voru við Frakkland og árið 1946 var komið upp sameiginlegri vestur-afrískri mynt, franka Efnahagssambands Afríku, sem hafði fast verðgildi miðað við franska frankann. Allar nýlendur Frakka fengu síðan sjálfstæði árið 1960, nema franska Gínea sem hlaut sjálfstæði tveimur árum fyrr eða árið 1958, og Djíbútí sem hlaut ekki sjálfstæði fyrr en árið 1977.

Sjálfstæði bresku nýlendnanna ávannst vegna kröfu leiðtoga þeirra. Árið 1957 fékk Gana fyrst sjálfstæði allra afrískra ríkja sunnan Sahara en Du Bois gerðist þar ríkisborgari og eyddi þar síðustu árum ævi sinnar. Á tímabilinu 1960-1964 fengu flestar nýlendurnar sjálfstæði án þess að til átaka kæmi. Það kom aðeins til átaka í nýlendum þar sem stór hópur evrópskra landnema bjó. Í Keníu urðu mikil átök á árunum 1952-1956 þegar andspyrnuhreyfingin Mau Mau tók upp vopnaða baráttu fyrir sjálfstæði og gegn upptöku lands. Grimmilegt blóðbað átti sér stað. Hundrað Evrópumenn og tvö þúsund fylgismenn þeirra úr hópi innfæddra voru drepnir og Bretar svöruðu með því að drepa 11 þúsund meinta meðlimi Mau Mau og settu 80 þúsund manns í fangabúðir. Jomo Kenyatta, sem síðar varð fyrsti forseti Keníu, var einn þeirra en hann neitaði sök. Landið fékk loks sjálfstæði árið 1963.



Minnismerki um Amílcar Cabral, þjóðhetju Gíneu-Bissá, í fæðingarborg hans, Bafata.
Ljós.: Geir Gunnlaugsson

Árið 1923 ákváðu evrópskir landnemar að skipta Ródesíu í nýlendurnar Suður-Ródesíu (Zimbabve) og Norður-Ródesíu (Zambía). Þessar bresku nýlendur voru síðar sameinaðar undir heitinu Sambandsríki Ródesíu og Nýasalands (Malaví) og hafði það takmarkað sjálfstæði frá 1953 til ársins 1963. Leiðir skildu þegar Zambía og Malaví fengu fullt sjálfstæði árið 1963. Hvítir landnemar Suður-Ródesíu börðust gegn sjálfstæði en árið 1965 lýstu þeir yfir að landið yrði sjálfstætt ríki (Ródesía) sem skyldi lúta stjórn hvíta minnihlutans. Minnihlutastjórnin varð að láta af völdum árið 1980 eftir vopnuð átök sjálfstæðishreyfinga sem börðust fyrir jöfnum réttindum allra íbúanna. Þá var nafni landsins breytt í Zimbabve.

Portúgalar höfðu að jafnaði haft viðveru í nýlendum sínum á einn eða annan hátt síðan á 15. öld en formleg yfirráð náðust ekki fyrr en eftir Berlínarfundinn. Portúgal, sem með nýrri stjórnarskrá árið 1933 gaf forsetanum Antóníu de Oliveira Salazar einræðisvald, var eitt fátækasta landið í Evrópu. Það var ekki ásetningur fasistastjórnarinnar í Portúgal að veita nýlendum sínum sjálfstæði og hélt hún því fram að ekki væri um eiginlegar nýlendur að ræða. Portúgólsku nýlendurnar öðluðust sjálfstæði með vopnaðri baráttu sem vannst með stuðningi Kúbu og Sovétríkjanna þar sem Portúgal var meðlimur í varnarbandalagi vestrænna þjóða, Atlantshafsbandalaginu (NATO). Í fararbroddi voru menntamenn, ýmist þeir sem höfðu fengið stöðu aðlagaðra eða voru afkomendur Portúgala og innfæddra. Meðal þeirra sem stofnuðu samtök gegn

JÓNÍNA EINARSDÓTTIR

nýlendustefnunni í París árið 1957 voru Amilcar Cabral, sem var leiðtogi frelsissamtaka Gíneu-Bissá og Grænhöfðaeypja, Agostinho Neto, leiðtogi Angóla, og Eduardo Mondlane, leiðtogi Mósambíks. Eftir langa vopnaða baráttu fengu nýlendurnar sjálfstæði. Gínea-Bissá og Grænhöfðaeypjar mynduðu sjálfstætt ríkjasamband árið 1974 og Angóla og Mósambík fengu sjálfstæði ári síðar. Barátta nýlendnanna fyrir sjálfstæði varð til þess að stjórn Portúgals var steypt af stóli árið 1974 af eigin her undir stjórn Antonio de Spínolas sem hafði verið landstjóri í Gíneu-Bissá. Þannig leiddi frelsisbaráttan í Afríku ekki aðeins til þess að nýlendur öðluðust sjálfstæði heldur einnig hruns fasistastjórnar í Evrópuríkinu Portúgal.

Sjálfstæð Afríka

Stjórnarhættir

Árið 1958 var haldin fyrsta ráðstefna sjálfstæðra afrískra ríkja í Gana. Einu ríkin sunnan Sahara, sem áttu fulltrúa á ráðstefnunni, voru Gana og Líbería, en þeim átti eftir að fjölga næstu árin. Árið 1963 voru Samtök Afríkuríkja (OAU – Organisation of African Unity) stofnsett og meðlimir þess voru orðnir 53 árið 1995. Árið 2001 voru Einingarsamtök Afríku (AU – Africa Union) stofnsett sem arftaki Samtaka Afríkuríkja. Markmið þeirra er að efla enn frekar efnahagsleg, félagsleg og stjórnámáleg tengsl milli landa álfunnar.

Þing Samtaka Afríkuríkja reyndust stormasöm vegna deilna af margvíslegum toga. Áhrifa kalda stríðsins gætti í samskiptum þessara nýju þjóðríkja sem skiptust í tvo hópa eftir því hvort þau voru vinveitt Vesturlöndum eða Austurblokkinni. Afrískir ráðamenn breyttu reyndar stuðningi sínum eftir aðstæðum. Siad Barre, forseti Sómalíu, lýsti því t.d. yfir frá einum degi til annars að Sómalía væri marxískt ríki þegar Vesturlönd studdu keisara Eþíópíu, Haile Selassie. Þegar Sovétríkin studdu síðar Mengistu Haile Mariam, eftir valdatöku hans í Eþíópíu, varð Sómalía jafnóðum stuðningsaðili Vesturlanda. Tom Mboya, einn af helstu ráðamönnum Keníu á tímum kalda stríðsins, hélt því fram að leiðtogar Afríku hafi í reynd hvorki verið meira eða minna fylgjandi Moskvu eða Vesturblokkinni, þeir hafi fyrst og fremst stutt Afríku.

Þegar einstaka nýlendur öðluðust sjálfstæði urðu til ríki með landamæri sem oftar en ekki höfðu verið dregin upp í Evrópu. Auk þess byggðu þessi nýju þjóðríki hópar fólks sem höfðu hvorki sameiginlegt tungumál, trúarbrögð né þjóðerni. Andstaðan við nýlendustjórnina var sá þáttur sem hafði sameinað íbúana en

nýlendustjórnin hafði aftur á móti lagt áherslu á mismun einstakra hópa og jafnvel valdið aukinni sundrunu þeirra á milli. Eftir að ríki Afríku fengu sjálfstæði var því tilhneiging til að hafa eins flokks kerfi þar sem öll þjóðin skyldi vinna sameiginlega að sínum málum. Rétt þótti að nýta sér þann samhug og þá einingu sem fylgdi baráttunni gegn nýlendustjórnunum. Meðvitund um að hin nýfrjálsu lönd væru samansett af mismunandi þjóðernishópum var sterk og t.d. voru átök milli þjóðernishópa í Nígeríu víti til varnaðar. Sumir héldu því líka fram að fjölflokkakerfi væri vestrænt kerfi sem ætti ekki við í Afríku þar sem hefð væri fyrir því að leita samkomulags fremur en að skerpa andstæður. Slík röksemdafærsla átti rætur í hugmyndafræði sem fólst í því að upphefja sameinaða Afríku. Einnig fylgdi sjálfstæðisbaráttunni viðleitni til að skilgreina og endurreisa fyrri menningu og síði sem höfðu orðið fyrir áhrifum frá nýlenduvelldunum.

Í reynd fylgdu eins flokks kerfinu veikar stjórnir og mikil spilling. Skil ríkis og flokks urðu oft óskýr og það varð tilhneiging til þess að völd söfnuðust á hendur fárra. Þjóðarleiddtoginn varð gjarnan nokkurs konar þjóðartákn og stundum með trúarlegum undirtóni. Engu að síður voru stjórnir ríkja, þar sem eins flokks kerfi var við lýði, veikar og þær misstu auðveldlega völdin í herbyltingum sem oft var fagnað af almennum borgurum. Herforingjar færðu gjarnan rök fyrir því að herstjórnnum fylgdi heragi og áhersla á þjóðarhagsmuni fremur en persónulegan ábata og þær myndu frelsa íbúana undan fyrri valdbeitingu. Auk þess myndi stjórn þeirra ekki vera langlífari en nauðsynlegt væri til að koma málum í ásættanlegt form. Reyndin var oft önnur. Stjórn Idi Amins í Úganda og stjórn Jean-Bédél Bokassas í Mið-Afríkulýðveldinu eru dæmi um einræðisherra sem misstu völdin árið 1979. Báðir höfðu þeir þótt efnilegir og fengið menntun í hernaði á vegum nýlendustjórna viðkomandi landa. Báðir sköpuðu þeir sér mjög meðvitaða ímynd sem sýna átti mátt þeirra og beittu sér gegn allri stjórnarandstöðu af mikilli hörku.

Kalda stríðið átti sinn þátt í því að spilltir einræðisherrar héldu völdum með erlendum stuðningi. Mobutu Sese Seko, forseti Alþýðulýðveldisins Kongó, er dæmi um einræðisherra sem komst til valda í herbyltingu. Mikilvægi landsins fyrir Bandaríkjamenn endurspeglast í því að úraníum þaðan var notað í kjarnorkusprengjurnar sem þeir sprengdu yfir Hírosíma og Nagasakí í lok seinni heimstyrjaldarinnar. Mobutu er talinn vera einn spilltasti leiddogi sögunnar. Samkvæmt Joseph Stigliz, Nóbelsverðlaunahafa í hagfræði árið 2001 og fyrrum aðalhaf fræðings Alþjóðabankans, fékk Mobutu fjárhagsstuðning frá vestrænum

JÓNÍNA EINARSDÓTTIR

ríkjum og greiðslurnar fóru beint inn á svissneska bankareikninga í nafni hans. Enda var pólitískur stuðningur hans við vesturblokkina óbrigðull.

Upp úr 1990 var komið upp fjölflokkakerfi og haldnar voru kosningar í allflestum ríkjum Afríku. Í júní árið 2003 höfðu 44 lönd af samtals 53 sjálfstæðum ríkjum álfunnar efnt til kosninga. Í 33 þessara landa var kosið í annað sinn, í 20 löndum höfðu verið þrjú kosningatímabil samfellt og sjö þeirra höfðu haldið kosningar fjórum sinnum eða oftar í röð. Fræðimenn greinir á um hversu mikil áhrif breytt efnahagsstefna og þrýstingur frá alþjóðasamfélaginu hafði á þessa þróun í lýðræðisátt. Sumir telja að þrýstingur að utan hafi verið afgerandi, aðrir færa fyrir því rök að hin neikvæðu áhrif endurskipulagningar ríkisfjármála og hagstjórnar sem Alþjóðabankinn og Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn stóðu fyrir hafi leitt til vakningar almennra borgara sem hafi krafist aukins lýðræðis og betri kjara.

Stríðsátök

Umfjöllun um stríðsátök einkennir fréttablutning frá Afríku. Þrátt fyrir tilkomu lýðræðislegra ríkisstjórna hafa margar herbyltingar og stríðsátök orðið frá árinu 1990. Ofbeldisfull og langdregin stríð hafa verið háð í Líberíu, Síerra Leóne, Súdan og Alþýðulýðveldinu Kongó. Auk þess hafa Angóla, Búrundí, Eþíópía, Gínea-Bissá, Rúanda, Sómalía og Úganda blandast í stríðsátök. Jafnvel á Fíla-beinsströndinni, sem hefur verið eitt af stöðugustu ríkjum álfunnar, brutust út átök í kjölfar stjórnarbyltingar árið 1999. Hvernig má skýra þessi stríðsátök? Fræðimenn greinir á um hverjar séu helstu ástæður styrjalda. Sumir leggja megináherslu á baráttu um efnahagslegan auð og völd. Aðrir útskýra stríð með átökum milli þjóðernishópa, menningarheima eða trúarbragða.

Að hluta eru styrjaldir, sem háðar hafa verið í Afríku undanfarna áratugi, beint framhald af frelsisbaráttunni gegn nýlendustjórnunum. Það var t.d. eindreginn ásetningur fasistastjórnarinnar í Portúgal að gefa nýlendum sínum ekki sjálfstæði. Þar sem Portúgal átti aðild að Atlantshafsbandalaginu (NATO) lentu fyrrum nýlendur þeirra óhjákvæmilega í hópi þeirra nýfrjálsu ríkja sem tilheyrðu Austurblokkinni enda fengu þær stuðning þaðan í frelsisbaráttu sinni. Að fengnu sjálfstæði drógust Angóla og Mósambík enn frekar inn í átök kalda stríðsins. Hin nýju stjórnvöld Mósambíks studdu baráttu gegn hvítum minnihlutastjórnnum Suður-Afríku og Ródesíu sem leiddi til borgarastríðs sem stóð í áratugi. Andspyrnuhreyfingin Renamo var stofnuð til höfuðs stjórnvöldum í Mósambík en hún naut stuðnings stjórnvalda hvíta minnihlutans í Ródesíu og

Suður-Afríku. Það var fyrst árið 1990 sem friðarsamningur var undirritaður milli stríðandi fylkinga. Friður náðist enn seinna í Angóla eða árið 2002 þegar Jonas Savimbi, leiðtogi UNITA-samtakanna, féll eftir 27 ára stríð. Savimbi naut stuðnings stjórnar Reagans Bandaríkjaforseta, sem tók á móti honum í Hvíta Húsinu og heiðraði hann með titlinum fyrirmyndarfrelsishetja eða *VIP freedom fighter*. Eftir að kalda stríðinu lauk braut Savimbi friðarsamning sem fól í sér frjálssar kosningar og hann lauk lífi sínu á vígvellinum.

Algengt er að útskýra átök í Afríku með því að vísa til þess að afrísk stríð eigi rætur í aldagömlum deilum sem tengjast að litlu leyti stöðu mála í nútím-



Leifar stríðsátaka 1998-1999 í Bissá, höfuðborg Gíneu-Bissá.
Ljós.: Geir Gunnlaugsson

anum. Stríðseðlið sé meðfætt og ættflokkar berjast hver við annan vegna þess að þeir hafi alltaf gert það. Rannsóknir á stríðum sem háð hafa verið í álfunni síðustu áratugi benda til þess að um eitt af hverjum tíu megi rekja til deilna frá því fyrir nýlendutímum. Flest eiga stríðin hins vegar rætur í nýlendusög- unni. Eins og annars staðar í veröldinni má oft rekja afrísk stríð til deilna um völd og fjármuni. Samkennd innan þjóðernishópa er síðan oft notuð til að virkja

JÓNÍNA EINARSDÓTTIR

hópa í stríð en menningarmunur einn og sér er ekki nægjanleg skýring á átökum.

Í Afríku er það oftast en ekki þjóðernishópurinn sem er grunnur samkenndar og margir fræðimenn telja að það megi rekja til nýlendutímans. Nokkrar ástæður hafa verið gefnar fyrir því. Ættflokkurinn var skilgreindur sem grunneining, hver með sinn höfðingja sem hélt stöðu sinni svo lengi sem hann vann í þágu nýlenduríkisins. Hver og einn var talinn tilheyra tilteknum ættflokki og nýir ættflokkar voru jafnvel búnir til, oft fyrir tilviljun fremur en af ásetningi. Hermenn eins ættflokks voru síðan gjarnan notaðir til að berja á hinum. Að halda völdum með því að sundra andstæðingunum var meðvitund stjórnunarstefna nýlenduvelðanna. Hinn mikli menningarlegi fjölbreytileiki, sem einkennir Afríku, er iðulega notaður sem skýring á því hve ófriðsamlegt er í álfunni. Rannsóknir hafa þó sýnt að lönd, þar sem eru margir mismunandi þjóðernishópar, eru ekki líklegri til að lenda í stríði en einsleitari samfélög og líkur á stríði minnka jafnvel þar sem margir litlir hópar eru. Þótt íbúar lands séu af mismunandi þjóðerni þarf það ekki að vera ástæða stríðs þó að stríðsherrar nýti sér þjóðerniskennd til að sameina einn hóp gegn öðrum. Líkur á stríði aukast þó þar sem einn hópur hefur örugga yfirburði yfir aðra íbúa svæðis eða lands en slík staða er ekkert algengari í Afríku en annars staðar. Hafa ber í huga að á nýlendutímanum fengu einstaklingar réttarstöðu með tilliti til kynþáttar þar sem hvítir nutu æðri stöðu en svartir, eða tilteknum þjóðernishópi var veitt sérstaða.

Fjöldamorð eru ekki talin vera líklegri í Afríku en annars staðar þó eitt af nýjustu dæmum um slíkt sé þar að finna. Ástæða fjöldamordanna í Rúanda árið 1994 er gjarnan rakin til nýlendustjórna Þjóðverja og Belga. Rúanda og Búrúndí eru skýr dæmi um lönd þar sem nýlendustjórnir ýttu undir andstöðu milli tútsa og hútúa með skelfilegum afleiðingum. Tútsar voru skilgreindir sem annar og æðri kynþáttur en hútúar. Tútsar nutu forréttinda og fengu aðgang að menntun og efnahagslegum tækifærum sem voru hútúum bönnuð en þeir voru flestir sárafátækir bændur. Þegar hútúar náðu völdum yfir stjórninni og hernum árið 1994 voru framin fjöldamorð á tútsum sem höfðu áður drepist um 200 þúsund hútúa í Búrúndí árið 1972. Hin erfiða fjárhagsstaða landsins gerði málin ekki einfaldari.

Rannsóknir benda til þess að hratt minnkandi þjóðartekjur geti aukið líkur á átökum og jafnvel stríði. Erfiður fjárhagur þjóðarbúsins torveldar stjórnvöldum að koma í veg fyrir rán og rupl auk þess sem samkeppni um knappan auðinn

leiðir gjarnan til ofbeldisverka og stjórnleysis. Því telja sumir að útskýra megi þau mörgu stríð sem hafa brotist út í Afríku síðustu tvo áratuginna með versnandi efnahagslegri afkomu. Þar sem stjórnvöld og uppreisnarmenn hafa möguleika á að fjármagna vopnakaup eru einnig mestar líkur á stríði og að það dragist á langinn. Slík er staðan í ríkjum þar sem er að finna auðlindir eins og demanta, olfu, eðalmálma og timbur sem auðvelt er að vinna og koma á markað. Þar sem meira en þriðjungur þjóðartekna á rætur að rekja til útflutnings málma eða landbúnaðarafurða á stórum plantekrum aukast líkur á stríði. Þetta er staða margra Afríkuríkja þar sem stríð hafa geisad undanfarna áratugi, t.d. Angóla, Síerra Leónes, Líberíu og Alþýðulýðveldisins Kongós. Þar sem afurðir almennra borgara eru uppistaða þjóðartekna brjótast síður út stríð og ef svo er dragast þau sjaldan á langinn. Stríðið leggur slíka framleiðslu í rúst og því er erfitt að fjármagna áframhaldandi stríðsrekstur ef ekki kemur til fjármagn að utan. Vegna þess hve veikburða flest afrísk ríki eru byggja þau sjaldnast tekjur sínar á skattlagningu almennra borgara.

Eftir að kalda stríðinu lauk var Alþýðulýðveldið Kongó Bandaríkjunum ekki lengur mikilvægt og þau drógu úr stuðningi við stjórn landsins. Í kjölfar innrásar frá Rúanda tókst andstæðingum Mobutus að koma honum frá völdum árið 1997. Laurent Kabila tók við sem forseti en deilur hans og fyrri samherja, sem nutu stuðnings Rúanda og Úganda, leiddu til frekari stríðsátaka. Angóla, Namibía og Zimbabve studdu hins vegar Kabila og í framhaldinu skapaðist ófriður. Barist var um völd yfir einum ríkustu málmnámum heims þar sem stríðandi öfl og alþjóðleg fyrirtæki nýttu sér stjórnleysið til að ræna náttúruauðlindir landsins. Talið er að um þrjár milljónir manna hafi látist vegna stríðsins og eru afleiðingar þess hugsanlega versta neyðarástand sem skapast hefur í Afríku í áratugi. Haustið 2006 var Jóseph Kabila kosinn forseti landsins og vonast er til að friður verði varanlegur.

Ekki gera öll lönd, þar sem fyrir hendi eru ríkulegar náttúruauðlindir og þjóðfélagshópar með andstæða hagsmuni og misjafna réttarstöðu, upp mál sín með stríði og morðum. Afnáam aðskilnaðarstefnu minnihlutastjórnarinnar í Suður-Afríku á síðasta áratug 20. aldar er gott dæmi um hið gagnstæða. Barátta fyrir afnámi aðskilnaðarstefunnar eru nátengd sögu Nelson Mandelas.

Nelson Mandela

Nelson Mandela fæddist í Umtata í Transkei árið 1918. Hann nam lögfræði og hóf ungur afskipti af stjórnmálum. Ásamt Oliver Tambo stofnaði Mandela fyrstu lögfræðistofu svartra. Mandela var einn af stofnendum ungliðahreyfingar Afríska þjóðarráðsins (ANC) árið 1944 og hann varð aðalritari þess árið 1948. Árið 1952 var hann tekinn fastur í fyrsta sinn í krafti laga gegn kommúnistum en hann hélt þó ótrauður áfram baráttu sinni. Í desember árið 1956 var hann sakaður um landráð ásamt 155 öðrum en allir voru sýknaðir. Árið 1960 drap öryggislögreglan í Sharpeville 67 úr hópi mótmælenda aðskilnaðarlaganna og Afríska þjóðarráðið var bannað með lögum. Í mars árið 1961 fór Mandela í felur en í júní sama ár ákvað stjórn Afríska þjóðarráðsins að taka upp vopnaða baráttu og Mandela varð yfirhershöfðingi. Hann og aðrir félagar ráðsins voru loks dæmdir til lífstíðarfangelsis.

Mandela var fangi frá 1964 til 1990, þar af á Robbneyju í 18 ár en þá var hann fluttur til Höfðaborgar. Árið 1985 samþykkti Breska samveldið efnahagslegar refsiaðgerðir gegn Suður-Afríku til að knýja stjórn hvíta minnihlutans til að láta af aðskilnaðarstefnunni. Sama ár afþakkaði Mandela boð P.W. Bothas forseta um skilyrðisbundna lausn. Árið 1990 var Mandela látinn laus úr fangelsi og hóf þá stjórn hvíta minnihlutans, undir forystu Fredericks Willem de Klerks, friðarviðræður við Afríska þjóðarráðið. Í febrúar árið 1991 voru lögin um aðskilnað kynþátta frá árinu 1948 formlega numin úr gildi. Varð það til þess að Mandela og de Klerk fengu friðarverðlaun Nóbels árið 1993. Mandela vann fyrstu almennu forsetakosningarnar ári seinna og var forseti Suður-Afríku til ársins 1999.

Rannsóknir á sögu Afríku hafa ekki aðeins dregið fram í dagsljósið áhugaverð, söguleg viðfangsefni heldur hafa líka haft í för með sér vissa endurskoðun á aðferðafræði sagnfræðinnar og vakið upp spurningar um hvaða atburðir og viðfangsefni geti talist rannsóknarhæf og þess verð að verða hluti mannkynssögunnar. Saga Afríku spannar alla sögu mannkyns. Hennar er gjarnan getið sem sögu ánauda, arðráns og átaka. Í henni er líka að finna eina farsælustu lausn átaka sem um getur þar sem margir áttu um sárt að binda. Friðsælt afnám aðskilnaðarstefunnar í Suður-Afríku markar ekki aðeins einn af stærstu sigrum Afríku heldur alls mannkyns. Nelson Mandela er tákmynd þessa sigurs og fyrir það nýtur hann virðingar.

Heimildir

- African Union (Einingarsamtök Afríku) (á.á.). Skoðað 6. apríl.2007 á <http://www.africa-union.org/root/au/index/index.htm>
- Chabal, Patrick, Ulf Engel og Anna-Maria Gentili (ritstj.) (2005). *Is Violence Inevitable in Africa? Theories of Conflict and Approaches to Conflict Prevention*. Lfeiden and Boston: Brill.
- Davis, R. Hunt (2004). Teaching about the African Past in the Context of World History. *World History Connected* 2(1). Skoðað 6. apríl.2007 á <http://worldhistoryconnected.press.uiuc.edu/2.1/davis.html>
- Einar Árnason (2000). „Höfum við beina línu forfeðra frá öpum til nútímamanns eða vantar enn ‘týnda hlekinn’?“ *Vísindavefurinn*. Skoðað 6. apríl 2007 á <http://visindavefur.hi.is/?id=78>
- Feierman, Steven (1993). African histories and the dissolution of world history. Í R. H. Bates, V. Y. Mudimbe og J. O'Barr (ritstj.), *Africa and the Disciplines. The Contribution of Research in Africa to the Social Sciences and Humanities* (bls. 167-212). Chicago og London: The University of Chicago Press.
- Gilbert, Erik og Jonathan T. Reynolds (2004). *Africa in World History. From Prehistory to the Present*. Upper Saddle River, New Jersey: Pearson Education.
- Gilbert, Erik (2004). Putting Africa in World History and Vice Versa. *World History Connected* 2(1). Skoðað 6. apríl 2007 á <http://worldhistoryconnected.press.uiuc.edu/2.1/gilbert.html>
- Jón Már Halldórsson (2003). „Hvernig er ættartré mannsins?“ *Vísindavefurinn*. Skoðað 6. apríl 2007 á <http://visindavefur.hi.is/?id=3011>
- Legum, Colin (1999). *Africa since Independence*. Bloomington og Indianapolis: Indiana University Press.
- Leonard, David K og Scott Straus (2003). *Africa's Stalled Development. International Causes and Cures*. London: Lynne Rienner Publisher.
- Lindberg, Staffan I. (2006). The surprising significance of African elections. *Journal of Democracy*, 17(1), 139-151.
- Mann, Alan E. (2003). Review Essay: Imagining prehistory: pictorial reconstructions of the way we were. *American Anthropologist*, 105(1), 139-148.
- Mannréttindaskrifstofa Íslands (á.á.). Mannréttindakerfi Afríku. Skoðað 6. apríl 2007 á <http://www.humanrights.is/mannrettindi-og-island/mannrettindakerfi/afrika/>
- Templeton, Alan R. (1998). Human races: a genetic and evolutionary perspective. *American Anthropologist*, 100(3), 632-659.